



ÞINGGERÐ

59. Landsþing Landssambands Hestamannafélaga Fundur haldinn á Hótel Selfossi 17. og 18. október 2014

Þingforsetar:

Kjartan Ólafsson

Sveinn Sigurmundsson

Ritarar:

Guðrún Pálína Jónsdóttir

Sigríður M. Björgvinsdóttir

Föstudagur 17.október

Þingsetning

Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra setti þingið þar sem hann fjallaði meðal annars um innsýn inn í hestamennsku og hlutverk stjórnvalda hvaða hana varðar. Einnig taldi hann að háskólar ættu að vera í náinni samvinnu við aðra aðila sem sjá um praktískar hliðar hestamenskunnar. Hann taldi að það þurfi endurnýjun, og að fagfólk þurfi að koma víða við þegar um nám er að ræða. Auk þess fjallaði hann um rekstrarform menntastofnanna og að þörf væri á því að skoða ýmsa þætti hvað það varðar. Meginhlutverk LH að hans mati voru meðal annars að halda mót og standa fyrir öflugri fræðslu á sviði hestamennsku. Illugi var á þeirri skoðun að áskorun liggur í að laða fleira, yngra fólk að hestamennsku og að gefa börnum og ungmönnum færi á því að stunda hana.

Einnig greindi hann frá tillögu um endurskoðun á skattaumhverfi hestamennsku þess efnis að skoða skattkerfi íþróttta til að einfalda starfið. Hann taldi mikilvægt að skapa hvata fyrir atvinnulífið og uppbyggingu starfsins. Tillagan er til skoðunar af nefnd sem starfar til 2016. Auk þess taldi hann að LH þyrfti að benda á galla í kerfinu sem hægt væri að einfalda og laga til eflingar hestamenskunar. Einnig sagði hann að góður hugur fjarmálaráðherra til hennar væri til staðar og efling í greininni. Erfiðleikar væru í ríkisfjármálum næstu árin en samt sem áður efling í íþróttahreyfingunni.

Látinna félaga minnst

Haraldur Þórarinnsson bað viðstadda um að rísa úr sætum til að minnst látinna félaga.



Kosning þingforseta og ritara

Samþykkt var eftirfarandi:

Þingforsetar: Kjartan Ólafsson og Sveinn Sigurmundsson

Ritarar: Guðrún Pálína Jónsdóttir og Sigríður M. Björgvinsdóttir

Kjartan Ólafsson kom á framfæri að vegna 85 ára afmælis Sleipnis, munu félagsmenn félagsins standa fyrir 300 manna fagnaði laugardaginn 18. október 2014. Auglýst var eftir skemmitkrafti og miðasala á samkomuna var einnig auglýst.

Félagar heiðraðir

Haraldur Þórarinnsson og Illugi Gunnarsson veittu eftirfarandi gullmerki:

Hólmfríður Ingólfssdóttir (Logi)

Bjarnleifur Bjarnleifsson (Sprettur)

Jón B. Olsen (Máni)

Sigrún Sigurðardóttir (Fákur)

Kristinn Guðnason (Geisir)

Sigfús Guðnason (Smára)

Hermann Árnason (Sindri)

Rosemarie Þorleifsdóttir tók við verðlaunum fyrir Sigfús Guðnason.

Ávörp gesta

Sigurborg Daðadóttir (yfirdýralæknir Íslands) fjallaði um að kynjahlutföll ættu að vera jöfn að umræðu um landsmótsstaði áður fyrr. Auk þess taldi hún að íslenski hesturinn gæti skapað vinabönd bæði innanlands og utan sem gætu opnað ýmsar dyr. Forstjóri stærstu dýraheilbrigðisstofnunnar í heimi gæti til að mynda aðstoðað Íslendinga við greiningu sjúkdóma. Sigurborg fjallaði einnig um að ráðherra hafi skrifað undir reglugerð um velferð hrossa þar sem óheimilt verður að nota tunguboga í keppni og sýningu. Hún taldi mikilvægt að þeir sem stunda hestamennsku sýni vinabönd og muni eftir velferð íslenska hestsins.

Sveinn Steinar (formaður félags hrossabænda) tók síðan til máls og nefndi hann mikilvægi þess að hagsmunafélög starfi saman á flestum sviðum bæði héraðs og erlendis. Hann taldi ýmislegt þurfa að hafa í huga, en þar má nefna nýliðun í íþróttinni, öryggismál, ásamt kynningu og framþróun íslenska hestsins. Einnig fjallaði hann um umræðuna um staðarhald Landsmóts og deiluna um þátttöku og staðarhöld. Sveinn taldi að vanda ætti þær breytingar og að verkefnið væri lifandi og krefjanda. Hestamenn ættu auk þess að vera duglegri að ræða málin þar til niðurstaða fengist.



Afhending æskulýðsbikars LH

Helga B. Helgadóttir, formaður æskulýðsnefndar LH, afhenti æskulýðsbikarinn. Hún var á þeirri skoðun að verðlaunin standi fyrir gróskumikið og metnaðarfullt starf félaga. Hún nefndi að fleiri skýrslur bárust í ár, en í fyrra og skýrslurnar frá því í ár voru að hennar mati mjög vandaðar (lét hún þær ganga um salinn). Helga nefndi að æskulýðsstarfið væri mikilvægasta starf félaganna því það þyrfti að hlúa að framtíðinni. Helga, auk annarra, settu af stað nýliðunarverkefni til að kanna hvað veldur lítilli nýliðun, þrátt fyrir mikilli þátttöku á reiðnáms skeiðum. Verkefnið strandaði samt sem áður en hún var að vonast til að senda það út í náinni framtíð. Það væri því markmið þeirra að fá reiðskólakrakka inn í hestamenskuna. Hún kynnti auk þess ýmsa æskulýðsstarfsemi hestamannafélaganna.

Fákur hlaut verðlaunin 2014 og hafði æskulýðsstarf félagsins verið mikil, t.d. hafði það boðið upp á knapamerki fyrir grunnskólanema í grennd við félagið, einnig hafði félagið haft hestaklúbb síðustu tvö ár og boðið upp á mikla fjölbreytni fyrir börn og ungmenni í starfi.

Kjörbréfanefnd skilar álit

Helga Claessen (Fákur) formaður kjörbréfanefndar skilaði álit fyrir nefndarinnar. Farið var yfir kjörbréf fulltrúa sem sitja þingi og fjallað var um hlutverk nefndarinnar sem er meðal annars að kanna hvort hestamannafélögin hafi greitt árgjald, sem fá annars ekki kjörþátttöku. Þar má nefna að sex félög voru ekki með fulltrúa, en alls voru 159 á þingi. Formaður las síðan upp nöfn félaga og fulltrúa þeirra.

Adam	Óðinn Elísson
Brimfaxi	Hilmar K. Larsen, Jónína B. Ívarsdóttir.
Dreyri	Stefán G. Ármannsson, Valdimar M. Ólafsson, Ása Hólmarsdóttir, Kristín Frímannsdóttir.
Faxi	Kolbeinn Magnússon, Haukur Bjarnason, Heiða Dís Fjelsteð, Þórdís Arnardóttir.
Fákur	Hjörtur Bergstað, Jón Finnur Hansson, Ingibjörg Guðmundsdóttir, Þorvarður Helgason, Ásta Björnsdóttir, Hrönn Ægisdóttir, Sigurbjörn Bárðarson, Hrefna Karlsdóttir, Garðar Sigursteinsson, Helga Björg Helgadóttir, Berglind Ragnarsdóttir, Raketel Katrín Sigurhansdóttir, Helga Claessen, Guðmundur Guðlaugsson, Hrefna María Ómarsdóttir, Telma Tómasson, Þóra Þrastardóttir, Guðrún Oddsdóttir, Gyða Jónsdóttir, Svafar Magnússon, Hulda Gústafsdóttir.
Freyfaxi	Bjarki Þorvaldur Sigurbjartsson, Elísabet Sveinsdóttir.
Funi	Brynjar Skúlason, Valur Ásmundsson.
Geysir	Ólafur Þórisson, Davíð Jónsson, Jón Páll Sveinsson, Guðmundur Guðmundsson, Sigríður Th. Kristinsdóttir, Svavar Ólafsson, Hekla Katharína Kristinsdóttir, Kristinn Guðnason, Erlendur Árnason.
Glaður	Þórður Ingólfsson, Eyþór Jón Gíslason, Heiðrún Sandra Grettisdóttir.
Glæsir	Sölvi Sölvason.



Gnýfari	Þorvaldur Hreinsson.
Háfeti	Sjöfn Sæmundsdóttir, Stefán Jónsson.
Hending	Auður Björnsdóttir.
Hornfirðingur	Páll Guðmundsson, Bryndís Hólmarsdóttir.
Hringur	Lilja Björk Reynisdóttir, Þórir Áskelsson.
Hörður	Jóna Dís Bragadóttir, Oddrún Ýr Sigurðardóttir, Ólöf Guðmundsdóttir, Alexander Hrafnkelsson, Sæmundur Eiríksson, Þórir Örn Grétarsson, Gylfi Þór Þorsteinsson, Rúnar Þór Guðbrandsson, Hrönn Kjartansdóttir, Sigurður Guðmundsson, Bryndís Ásmundsdóttir.
Kópur	Kristín Ásgeirsdóttir, Gísli Kjartansson.
Léttfeti	Skapti Steinbjörnsson, Pétur Grétarsson, Geir Eyjólfsson, Jón Geirmundsson.
Léttir	Andrea Þorvaldsdóttir, Haukur Sigfússon, Sveinn Ingi Kjartansson, Sigfús Ólafur Helgason, Hólmgeir Valdemarsson, Guðjón Rúnar Guðjónsson.
Ljúfur	Ægir Guðmundsson, Halldór Guðmundsson, Hafþór Þorvaldsson.
Logi	Einar Á. E. Sæmundsen, Sólon Morthens, Líney Kristinsdóttir.
Máni	G. Snorri Ólason, Böðvar Snorrason, Kristmundur Hákonarson, Kristín Valgerður Jónsdóttir, Hrönn Ásmundsdóttir, Sóley Margeirsdóttir.
Neisti	Sigurður Ágústsson.
Sindri	Petra Kristín Kristinsdóttir, Vilborg Smáradóttir.
Skuggi	Stefán Logi Haraldsson, Reynir Magnússon, Kristján Þ. Gíslason, Ingi Tryggvason.
Sleipnir	Magnús Ólason, Karl Áki Sigurðsson, Linda Björk Ómarsdóttir, Viðja Hrund Hreggviðsdóttir, Stefán Ólason, Einar Hermundsson, Ágúst Hafsteinsson.
Smári	Ingvar Hjálmarsson, Lilja Össurardóttir, Bára Másdóttir, Hulda Hrönn Stefánsdóttir, Aðalheiður Einarsdóttir.
Snæfaxi	Jón Rúnar Jónsson, Reynir Atli Jónsson.
Snæfellingur	Ásdís Ólöf Sigurðardóttir, Ólafur Tryggvason, Gísli Guðmundsson, Siguroddur Pétursson.
Sóti	Jóhann Þór Kolbeins, Gunnar Karl Ársælsson.
Sprettur	Hermann Vilmundarson, Hannes Hjartarson, Brynja Viðarsdóttir, Lárus Finnbogason, Kristín Njálisdóttir, Sigurður G. Halldórsson, Magnús Benediktsson, Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Halldór Halldórsson, Kristinn Hugason, Lárus Sindri Lárusson, Arnhildur Halldórsdóttir.
Stígandi	Jónína Stefánsdóttir, Magnús Andrésson, Líney María Hjálmarisdóttir, Elvar Einarsson.
Stormur	Viktor Pálsson, Guðmundur Bjarni Jónsson.
Svaði	Haraldur Þór Jóhannsson, Símon Ingi Gestsson.



Sörli	Magnús Sigurjónsson, Thelma Víglundsdóttir, Þórunn Ansnes, Brynja Björk Garðarsdóttir, Sigurður Emil Ævarsson, Haraldur Guðfinnsson, Eggert Hjartarson, Bryndís Snorradóttir, Snorri Rafn Snorrason, Valka Jónsdóttir, Kristján Jónsson, Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir.
Trausti	Guðmundur Birkir Þorkelsson, Birgir Leó Ólafsson.
Þytur	Sigríður Ólafsdóttir, Vigdís Gunnarsdóttir, Guðrún Ósk Steinbjörnsdóttir, Kolbrún Stella Indriðadóttir.

Kjartan Ólafsson fjallaði um lög LH og hvort þingið væri lögmætt. Handaupprétting var gerð og þingið talið lögmætt í kjölfar þess.

Kjör þingnefnda

Guðmundur Hagalín formaður kjörnefndar fjallaði um kjör þingnefnda. Farið var yfir nefndarskipan þings, lög LH númer 1.4.3. um stjórnskipan nefnda segir að skipa eigi þriggja manna kjörnefn sem hefur því hlutverki að gegna að leggja fram tillögu um þingnefndir og formenn. Auk þess var fjallað um grein númer 1.2.4. en samkvæmt henni skal skipa 6 þingnefndir eða fleiri ef þing leyfir. Þar kom einnig fram að búið væri að skipa fimm fulltrúa í kjörbréfanefnd samkvæmt lögum LH nr 1.4.2. Skipaðir eru fimm fulltrúar (þar af einn formaður) til að tryggja starfshæfni nefndar. Aðrir fulltrúar á þinginu ættu auk þess að starfa með nefndum þings. Lagt var til að skipta ætti í 6 nefndir; Allsherjarnefnd, Fjárhaganefnd, Æskulýðsnefnd, Keppnisnefnd, Ferða- og Umhverfisnefnd og Trec nefnd. Tilgangur Trec nefndar ætti að skýra þýðingu Trec, hvort sem um þrautir/ratleiki/stórnun væri að ræða.

Kjartan Ólafsson skýrði frá fulltrúum í stjórn LH en hún er skipuð af sjö meðlimum. Hann auglýsti auk þess eftir framboðum og að þeim ætti að skila inn með fyrirvara. Aðeins eitt framboð var til formennsku, en það var núverandi formaður Haraldur Þórarinsson sem bauð sig fram. Sex sæti eru í aðalstjórn og í hana bærust tíu framboð. Fimm sæti eru í boði í varstjórn og bærust fimm framboð í hana.

Eftirfarandi voru í framboði fyrir aðalstjórn:

Andrea Þorvaldsdóttir
Sigurður Ævarsson
Erla Guðný Gylfadóttir
Þorvarður Helgason
Sigrún Þórðardóttir
Stefán Ármannsson
Sigurður Ágússon
Jóna Dís Bragadóttir
Rúnar Þór Guðbrandsson
Ólafur Þórisson



Eftirfarandi voru í framboði fyrir varastjórn:

Helga Björg Helgadóttir
Stella Björg Kristinsdóttir
Erling Sigurðsson
Hrönn Kjartansdóttir
Petra Kristín Kristinsdóttir

Þingforsetar fóru yfir hvort fulltrúar væru samþykktir og þeir voru samþykktir með handatalningu.

Skýrsla stjórnar

Haraldur Þórarinnsson fjallaði um skýrslu stjórnar. Þar kom fram að ný stjórn hefði verið kosin á síðasta landsþingi 2012 (sjá fundargerðir á síðu LH). Farið var yfir starfmannamál LH og starfandi nefndir. Rætt um mikilvægi hestamannafélaganna við eflingu hestamennsku í landinu og að starf þeirra byggi á sjálfbærni og sjálfbærni. Greindi hann frá því að ýmsar nefndir hefðu verið endurreistar, má þar má nefna; öryggisnefnd og nýliðunarnefnd. Stjórn réðst í rannsóknarvinnu til að kanna hvað árangursríkast væri að gera til að efla hestaþróttina hjá börnum og ungmönnum. Ein af forsendunum fyrir að nýliðun verði eðlileg í hestamennskunni þarf að ná til þessa hóps og tryggja aðgengi hans að hestaþróttinni eins og kostur er. Ráðin var til verksins Viðar Halldórsson félagsfræðingur. Honum hefur gengið illa að fá upplýsingar hjá hestamannafélögum um netföng barna og unglinga sem sækja reiðnámskeið á svæðum félaganna til að vinna að sínum rannsóknum. Einnig kom fram að breyting hefði orðið á fulltrúa LH í fagráði, fulltrúi LH hefur þurft að vera lögbýlingur og starfandi hrossabóndi. Fyrir þinginu liggur tillaga um að óska eftir breytingu á þessari tilhögun. Fulltrúi LH í fagráði á hver sá að geta orðið sem stjórn LH tilnefnir til þess, burt séð frá því hvort hann sé lögbýlingur eða ei.

Dæmi um fleiri mál sem nefndir LH þurftu að sinna starfsárið 2012 - 2014:

- Ýmis agamál frá árinu 2013 og 2014, sjá skýrslu aganefndar.
- Dómaramál; ráðstefna haldin í lok hvers keppnisárs þar sem farið er yfir störf dómara og þau atriði sem dómarafélögin eru að leggja áherslu á. Rætt um velferð hestsins í keppni.
- Reiðvegamála; greint var frá því að samgöngunefnd hefði staðið sig vel. Kortasjái stöðugt að eflast sem er mikilvægt til að tryggja rétt hestamanna til að ferðast um landið og tekið sé tillit til reiðvega við skipulagsvinnu hálendis og sveitarfélaga. Fjallað var um að það þurfi að sækja aukið fé til ríkisins í samstarfi við hagsmunaaðila. Rætt hefur verið um að LH og hagsmunaaðilar standi fyrir ráðstefnu með fjárveitingarvaldinu og vegagerð til að fara yfir mikilvægi þess að auka fjárframlög til reiðvegagerðar.



- Keppnismál og íslenska liðið sem fór á heimsmeirstaramótið í Berlín. Liðið varð fyrir vonbrigðum með aðbúnað o.fl. en margt gott við mótið og nokkuð vel sótt þó búist hafi verið við betri aðsókn miðla við þá miklu markaðsetningu sem var fyrir mótið. Einnig var fjallað um Noðurlandamótið í Herring í Danmörku, þar sem ungmenni í íslenska liðinu stóðu sig vel. Mikil vonbrigði með skipulag á þessu móti þar sem það átti að vera upptaktur fyrir HM í Herning 2015.
- Mannvirkjunarmál í stöðugri þróun.
- Æskulýðsmál í stöðugri endurskoðun og æskulýðsnefnd reynir stöðugt að verðlauna það sem vel er gert og miðla upplýsingum milli félaga hvað beri helst árangur í þessu mikilvæga starfi sem er forsenda nýliðunnar.
- Öryggismálanefnd skilaði skýrslu, margt spennandi sem nefndin er að vinna. Þekktir knapar ekki nógu góðar fyrirmyndir varðandi hjálmanotkun. Átak í gangi við að auka hjálmanotkun og önnur öryggistæki. Skiptir málið að atvinnumenn séu til fyrirmyndar.
- Erlent Samstarf: LH aðilli að FEI, FITE og FEIF. LH og Norðurlöndin hafa stofnað til samvinnu um mótahald og hugsanlega aðra þætti sem skipta máli við útbreyðslu og kynningu á íslenska hestinum. Ákveðið var að fyrsta verkefni Norðurlandanna væri að standa saman að HM í Herning. Það væri sá staður sem væri líklegastur til að ná sem best utan um HM á Norðurlöndunum eins og staðan er í dag og því rétt að sameinast um hann til að sem bestur árangur náist við að kynna íslenska hestinn í gegnum mótið.
- Landsmót: Það tókst að bjarga fjárhag Landsmóts hestamanna ehf. á síðasta ári með samstilltu átaki BÍ, LH og stýrtaraðilla þannig að í dag er LM skuldlaust en vantar rekstrarfé. LM á Hellu tókst vel, þrátt fyrir erfitt veður og var aðsókn þokkaleg þó blikur séu á lofti um minnkandi aðsókn. Huga þarf betur að þörfum mótsins til að eflast þegar því er valin staðsetning. Einnig þarf breyta áherslum í markaðsetningu þess eigi það að ná að eflast og dafna.
- Menntamál sem eru lykiatriði fyrir nýliðun hestamennsku. LH þarf að taka upp þjálfara kerfi sambærilegt við önnur sérsambönd ÍSÍ. Samstarf hefur verið við LBHÍ um ýmis verkefni. Fjallar um hestabraut FSu á Selfoss sem hefur verið að skila góðum árangri. Þá hafa hestamannafélög víða um land verið að koma hestamennsku inn sem valgrein bæði í framhaldsskólum og efstu bekkjum grunnskólans. Allt þetta starf skiptir miklu máli við eflingu hestamenskunnar. Aukið framboð af menntun er jákvætt fyrir nýliðun og færni í hestamennsku.
- Samningur LH við LBHÍ er til að vísa ýmsum málum í farveg og til frekari rannsókna.
- Skipuð var nefnd sem hefur það hlutverk að skoða hvernig hægt sé að auka nýliðun í hestaíþróttina.
- Sótt var um að fá endurgreiddan virðisaukaskatt af frístundahúsum en því var neitað.
- Unnið var með Félagi Hrossabænda og Félagi tamningarmanna um bættar sóttvarnir í kringum hesta á Íslandi. En fólk virðist ekki virða þessi lög og reglur nægilega vel og hugsar ekki til framtíðar.



- Öflugt starf hestamannafélaganna er lykillinn að eflingu hestamennsku hér á landi og það mikla sjálfbóðaliða starf sem þar er unnið.

Ársreikningar 2012-2013

Sigrún Þórðardóttir gjaldkeri tók saman ársreikninga frá árunum 2012 og 2013 (sjá ársreikninga).

Umræður og afgreiðsla

Beiðni var lögð fram af þingforsetum um að reikningar yrðu ekki ræddir á fundinum heldur yrðu þeim vísað til nefndar. **Beiðnin samþykkt.**

Umræður um erindi:

Kristinn Hugason fjallaði um að nokkur atriði. Hann var meðal annars með fyrirspunir til stjórnar LH og útlistaði auk þess því sem hann taldi ábótavant. Kristinn skýrði frá framgangi mála hvað fasteignagjöld á hesthúsum varðar. Sömu fasteignagjöld sett á hesthús og á atvinnuhúsnæði í Spretti og lögmaður Garðabæjar staðfesti þau. Sprettur fékk lögmann til að taka málið að sér sem sýndi fram á að gjöldin ættu að vera þau sömu og í dreifbýli, en ekki atvinnuhúsnæði. LH fékk í framhaldinu þennan lögmann til að vinna málið áfram. Gjöldin voru svo leiðrétt síðar.

Kristinn fjallaði um fulltrúa hjá fagráði og taldi að LH ætti að hafa þar fulltrúa. Samkvæmt gildandi lögum stendur að fulltrúar skuli vera starfandi bændur. Starfandi bændur þurfa hinsvegar ekki að búa á lögbyli, s.s. svínabændur sem búa annarsstaðar. Einnig ræddi hann reglugerð um tunguboga, taldi Kristinn að sú reglugerð hefði veika lagastoð og að lögfræðileg túlkun væri teygjanlegt hugtak.

Haraldur Þórarinnsson fjallaði aðeins um skattmál í hestamenskunni og nauðsyn þess að einfalda og lækka virðisaukaskattinn til að gera hestamenskuna sýnilegri. Ræddi um fasteignaskatt á hestahús og að bæði Sprettur og Fákur eigi þátt í að það mál endaði vel. Svaraði spurningu Kristins varðandi Þróunarfrjárfélag og sagði hana komna með nýjan formann, en hefur ekki verið kölluð saman ennþá. Ræddi einnig um tunguboga og að ráðherra hefði klárað það mál með lagasetningu byggða á nýju dýraverndarlögunum rétt fyrir landsþing LH.

Átta mánaða rekstur LH kynntur

Sigrún Þórðardóttir fjallaði um rekstrartekjur (sjá ársreikninga LH 2014).

Fjárhagsáætlanir 2015- 2016

Sigrún Þórðardóttir fjallaði um fjárhagsáætlanir 2014-2015 (sjá fjárhagsáætlanir LH 2015 og 2016).



Landsmót 2014 yfirferð

Haraldur Þórarinnsson fjallaði um viðræður við Skagfirðinga um LM 2016 en haldnir höfðu verið þrjár samningafundir þar sem rætt hefði verið um hvernig hægt væri að framkvæma mótið þannig að það næði tilgangi sínum. Ræddi um fjárhagslega erfiðleika félagsins sem urðu til 2010 vegna hestapestar. Þar sem stjórnvöld hafa ekki sýnt málefnum LM og mikilvægi þess nógan skilning með stuðningi eftir frestun þess 2010, heldur talað fyrir því að láta það fara í þrot, breytti LH sínum skuldum í hlutafé og Bændasamtökin komu með fjármagn inn í félagið til að reyna að bjarga því. Reynt var að halda vel utan um rekstur mótsins 2014 og tókst það vel þrátt fyrir erfiðar aðstæður.

Fyrir LM 2014 gáfu LH og Skagfirðingar út viljayfirlýsing um að umræður myndu hefjast um LM 2016 eftir LM 2014. Vildu aðilar sjá hvernig tiltækist með LM 2014 og einnig átta sig á hvað þeir þættir sem LH gerði kröfur um að Gullhylur tæki að sér væru að kosta. Hinsvegar varð LH ljóst eftir mótið á Hellu að ekki væri hægt að vera með LM í Skagafirði 2016, vegna ýmissa þátta sem þurfa að vera til staðar á mótsvæðum eða í næsta nágrenni þeirra til að tryggja framkvæmd þeirra og rekstur. Ekki séu nægilega góð mannvirki til staðar fyrir menn og hesta til að mæta misjöfnu veðri. Má nefna að árið 2008 á Hellu var mikið rok og allt ætlaði um koll að keyra framan af móti, 2011 Skagafirði var einnig mjög vont veður og mótið mjög erfitt í framkvæmd framan af og á LM í sumar var erfitt veður og tjöld og aðstað við það að fjúka. Góðir vellir og reyndir og góðir starfmenn björguðu mótinu, annars hefði þurft að aflýsa því. Sagði hann að það væri mat stjórnar LH eftir að hafa farið yfir mótið í sumar að aðstaðan fyrir norðan væri ekki nægilega góð til að takast á við framkvæmd LM og þá miklu hagsmuni sem rekstraraðilar og hesteigendur eiga undir góðum aðbúnaði. Ekki mætti heldur gleyma áhorfendum og þjónustu við þá.

Þá greindi hann frá því að það þyrfti að leggja mikla peninga í aðstöðuna á Vindheimamelum og Gullhylur að taka á sig ábyrgðir við rekstur mótsins upp á 40 – 50 milljónir. Við þessar staðreyndir á borðinu og rekstur fyrri móta og stöðu LM að svo stöddu var ekki hjá því komist að endurskoða staðsetningu mótsins. Baðst formaður afsökunar á þessum hraða og vinnubrögðum gagnvart Skagfirðingum, en reynt hefði verið að koma á fundum til að fara yfir þessa niðurstöðu stjórnar LH. Hins vegar taldi hann að ekki hafi verið annað í stöðunni ef þessi mál ættu að ræðast á þinginu, þó þetta væri í höndum stjórnar samkvæmt reglum LH. Það væri markmið stjórnar LH að hafa félagslegt réttlæti að leiðarljósi og velja bæri LM þær aðstæður að það gæti sinnt sínu hlutverki við eflingu hestamenskunnar eins og það var stofnað til. Benti hann á að frá upphafi hafi 21 mót verið haldið og aðeins tvö í þéttbýli. Frá 2000 hafi tvö mót verið haldin í þéttbýli en fimm úti á landi, það geti varla talist félagslegt réttlæti þegar góður helmingur hestamanna býr í þéttbýli.

Axel Ómarsson hélt erindi um Landsmót á Hellu 2014. Hann fjallaði um rekstrarlegu hliðina á LM. Hann taldi að það væru tvær umræður í þeim efnum. Annarsvegar að horfa þyrfti á Landsmót sem hestamannamót (dagskrá, fjöldi þátttakandi og annað) og hinsvegar sem viðburð sem drægi til sín mikinn fjölda gesta. Einnig taldi hann stærstu áskorun reksturs Landsmóts vera sölumál, þar sem daginn sem ákveðið er að leggja af stað með landsmót



hefur þegar verið ákveðið að leggja til stofnkostnaðarins. Tekjur þyrftu því ávallt að vera nægar.

Hann kannaði hvaðan gestir væru að koma og skipti gestum í tvo aðalhópa; innlenda og erlenda, og svo tvo undirhópa; harðkjarna hestamenn og almenning og ferðamenn. Kauphegðunin var síðan skoðuð (forsala/seinni forsala). Þar kom í ljós að innan við þriðjungur kaupir miða í forsölu, en afgangurinn kaupir miða í hliðinu. Axel benti á að slíkur rekstur væri erfiður og áhættusamur. Skoðað var hvernig er hægt að ná til ferðamanna. Markið var sett á að 8000 manns úr hópi innlendra og erlendra harðkjarnahestamanna myndu alltaf mæta á LM. Einnig var markið sett á um 3500 mans til viðbótar úr hópi almennings og ferðamanna. Talið var að færri harðkjarnahestamenn sóttu mótið en á móti kom að fleiri ferðamenn/almenningur hafi sótt mótið.

LM stundaði ýmis konar markaðsstarf (tilboð, leikir, hefðbundnar auglýsingar, netið erlendis og héraendis). LM fór einnig í sérstaka netauglýsingaherferið (eMarketing) sem skilaði góðum árangri. Fólk mögulega setti fyrir sig að koma á LM vegna kreppu, dýrt að koma með alla fjölskylduna. Einnig var fjallaði hann um hina ýmsu tekjur og gjöld sem felast í að reka LM. Bornar voru saman tekjur frá Hellu 2014, Reykjavík 2012 og Vindheimamelum 2011 til fróðleiks. Í lokin fjallaði Axel um að LM væri í raun séríslensk menningartengd afþreying og það væri eftirpurn eftir slíku og að hægt væri að hagnast ef þessi viðburður fengi að njóta sín.

Umræður um erindi:

Guðmundur Birkir Þorkelsson (Trausti) fjallaði um ákvörðun LH um að færa LM frá Skagafirði og röksemdir LH. En hann gagnrýndi vinnubrögð LH og sagði formann ekki hafa mikið traust á þinginu. Hann gagnrýndi formann LH fyrir að koma ekki framboði sínu til formanns á framfæri nógu tímanlega. Hann hvatti þing til að velta fyrir sér hvort það væri ástæða til þess að fara á svig við lög LH og fara fram á formannskosningu ef einhverjir aðrir gæfu kost á sér til framboðs.

Einnig lagði Guðmundur til að færa dagsetningu LM til á sumrin, til að auka líkur á betra veðri og taldi að ýmislegt væri hægt að gera til að allir yrðu sáttir. Að vinna þyrfti á félagslegum grunni og að hesturinn væri í fyrirrúmi.

Auk þess fjallaði hann um þann möguleika á að minnka umsvif LM, en að hann kærði sig ekki um það. Hann taldi að það þyrfti að taka ráð af stjórninni í þessu máli og að koma fram tillögu um að LM yrði á Vindheimamelum 2016 eins og um var samið.

Jónína Stefánsdóttir (Stígandi) fór yfir framvindu samningsdraga við LH og formann og samskipti um LM. Búið var að ákveða að semja um LM 2016 eftir LM 2014. Einnig var fjallað um að umræður væru slitnar af LH um LM á Vindheimamelum 2016. En samkvæmt Jónínu eru lög LH brotin með því að slíta viðræðum.

Jónína taldi upp ástæður sem LH gaf upp fyrir því að LM yrði ekki á Vindheimamelum:

- Veðurfar.
- Afla tekna og lágmarka kostnað.



- Umræða meðal hestamanna að það þjóni ekki hagsmunum þeirra að það fari fram á vindheimamelum.

En auk þess fjallaði hún um að Skagafjörður væri tilbúinn til að koma til móts við kostnað, að enginn landsmótsstaður væri fullkominn og að LM í Skagafirði og á Hella væru vinsæl. Auk þess taldi hún að mikil tilhlökkun væri á meðal hestamanna vítt og breytt um landið.

Pétur Grétarsson var með ádeilu á vinnubrögð LH í sambandi við LM 2016 og stjórnendur. Auk þess gagnrýndi hann vinnubrögð LH þegar ákveðið var að rifta samningum við Skagafjörð. Hann telur ekki vera hægt að vísa til tekna á LM 2011 á Vindheimamelum. Ástæðuna fyrir því var að þetta hefði verið sérstakt ár því heimsmeistaramótið var á sama tíma og hestapestin ný riðin yfir. Einnig er hann á þeirri skoðun að LH brjóti sín eigin lög og fari ekki eftir sínum reglum.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson lýsti yfir ánægju sinni með fólk sem stóð að LM 2014 að það hafi klárað mótið og komið út í plús, þrátt fyrir leiðindaveður. Einnig kom fram að síðan Landsmót ehf. var stofnað árið 2000 hafa sveitarfélög viljað fá að halda mótið, en það hafa verið þrjú í Skagafirði, þrjú á Hellu og eitt í Reykjavík. Telur þó að samskipti LH um LM 2014 við Skagafjörð hafi verið klaufaleg. Einnig setti hann spurningamerki við hvort samningaviðræður við Sprett væri félagslegt óréttlæti og að hann skildi reiði Skagafirðinga. Auk þess kom hann inn á að fjárhagsstaða Landsmóts ehf væri óásættanleg og það ætti að skoða aðstöðu ítarlega þegar kemur að samningaviðræðum. Gera ætti kröfur á þessi svæði, kröfur á Sprett. Sveinbjörn telur auk þess fráleitt að færa LM alfarið frá landsbyggðinni og að halda verði tryggð við LM áfram.

Ólafur Þórisson (Geysi) fjallaði um staðarval á LM 2016. Gagnrýnir vinnubrögð stjórnar LH í sambandi við staðarval LM. Samkvæmt honum komust samningar ekki að um LM á Vindheimamelum. Hann gagnrýndi einnig LH fyrir að fara ekki að lögum LH og ef það þyrfti að breyta þeim, þá þyrfti að gera það á réttum tíma og í réttum ástæðum. Hann fjallaði um að tekjur frá LM 2014 á Hellu væru meiri en í Reykjavík 2013 og að viðburðir almennt væru ekki með fullar tekjur áður en þeir byrji og því alltaf ákveðin áhætta til staðar.

Kristinn Guðnason fjallaði um breytingu á staðsetningu LM 2016. Hann setti spurningamerki við hvort samráð hefði verið við samstarfsaðila (Bændasamtökin). Fjallar einnig um að þær kröfur sem gerðar eru varðandi LM og í því sambandi, að svæðin sem ættu að halda LM fengu enga peninga frá LH heldur frá styrkjum frá ríkinu. Auk þess var hann á þeirri skoðun að ekki mætti taka LM í Skagafirði 2011 sem viðmiðunarmót, því það voru sérstakar aðstæður fyrir hendi. Lykilatriði að það komi margt fólk á LM, mót í dreifbýli draga fleiri gesti að samkvæmt honum. Í lokin sagði hann að Sprettur væri í raun eini staðurinn sem kæmi til greina að halda LM, miðað við þær kröfur sem gerðar eru af LH.



Sigurður Ágústsson (Neisti) gagnrýndi að hafa ekki verið boðaður á alla fundi LH því hann er varamaður. Hann taldi sig og Skagfirðinga hafa fengið að vita of seint um ákvörðun LH að rifta samningum um LM í Skagafirði 2016. Einnig var hann á þeirri skoðun að LH væri ekki að fara eftir sínum lögum og að enn væri möguleiki á að ræða við Sprett og Skagfirðinga. Hann nefndi einnig að rangt væri að ganga einungis til viðræðu við ákveðin félög.

Jónína Sigurðardóttir kom aftur til að fjalla um að ekki hefði verið hægt að fá svör frá formanni og hún gagnrýnir að varamenn séu ekki meðvitaðir um það sem liggur fyrir hjá stjórn hverju sinni.

Sigurður tók aftur til máls eftir **Jónínu** en hann vildi leiðrétta það að hann hafa ekki verið upplýstur um ýmis mál, en að hann hafi fengið þær upplýsingar að Skagfirðingar hafi ekki viljað koma til móts við LH hvað LM 2016 varðar.

Axel Ómarsson fjallaði um að það hefði átti að taka í notkun nýtt netsölukerfi í hliði á LM 2014 sem tilraunaverkefni til að fá upplýsingar um miðasölu með skanna. Hinsvegar þurfti að hætta við þær breytingar þar sem kerfið réði ekki við verkefnið þegar það var tekið í notkun.

Haraldur Þórarinnsson svaraði fyrirspurnum um fyrirgreindar umræður. Hann taldi að rekstarlegur grundvöllur væri ekki fyrir hendi fyrir mótið LM 2016 á Vindheimamelum. Hann gagnrýndi að allir vildi fá LM til sín, en væru ekki tilbúnir til að greiða kostnað sem til fellur. Þetta snýst um að hafa sem bestu aðstöðu fyrir LM. Taka þarf á ákveðnum þáttum varðandi rekstur mótsins og þeirrar aðstöðu sem þarf til mótsins. Var hann á þeirri skoðun að uppbygging á Vindheimamelum væri ekki réttlætanleg miðað við nýtingu og rekstrarforsendur. Haraldur las síðan úr fundargerð stjórnar LH frá 19. desember 2011 þar sem fram kemur hvað þarf til að hægt sé að klára samningaviðræður við Skagfirðinga um LM 2016.

Úr fundargerð stjórnar LH 19. Desember 2011:

„Var niðurstaða atkvæðagreiðslunnar sú að ganga til samninga við Gullhyl ehf. um að halda LM 2016 á Vindheimamelum á grundvelli þeirra krafna sem gerðar eru til landsmótshalds af hálfu LH, Bændasamtaka Íslands og Landsmóts ehf., með eftirtöldum fyrirvörum.

- *Að félagið sé fjárhagslega sjálfstætt og gjaldfært að mati stjórnar LH.*
- *Að félagið verður rekstrarhæft að mati stjórnar LH að móti loknu.*
- *Samningar náist um að framkvæmdir, leigugjald og markaðssetningu.*
- *Að tryggt sé að ekki verði verulegar breytingar á hluthafahópi Gullhyla ehf. fram yfir mót 2016.*
- *Samningar náist við sveitarfélög og helstu hagsmunaaðilar í ferðaþjónustu um stuðning, markaðssetningu og framkvæmd mótsins 2016.*
- *Að samningar takist fyrir 1. September 2012.“*



Þá svarði hann Birki og benti hann á að fleiri hefðu getað boðið sig fram til formannsstöðu en gerðu það ekki. Hans framboð kom fram á réttum tíma. Ræddi hann um mun á lögum og reglugerðum. En samkvæmt Haraldi á rekstarlegur grundvöllur að ráða staðsetningu mótsins, þannig vinna þau best fyrir heildina. Hann sagði að stjórninni væri falið að taka ákvarðanir um staðsetningu mótsins samkvæmt reglum LH, ekki þinginu.

Erindi: Tungubogar

Sigríður Björnsdóttir dýralæknir hélt erindi um niðurstöður rannsóknar um áhrif tunguboga á áverka í munnum hesta. Tölur voru skoðaðar úr keppni og kynbótasýningu frá árunum 2012 og 2014. Hrossin voru skoðuð áður en þau fóru í braut, fyrir yfirlitssýningu í milliriðli og fyrir verðlaunaahefndingu. Niðurstöður sýndu fram á notkun tunguboga auki líkur á alvarlegum áverkum á kjálkabeini og öðrum áverkum. En um 20% hrossa sem fór í skoðun fyrir verðlaunaafhendingu voru með alvarlega áverka, en enginn hestur árið 2014.

Noktun tunguboga hefur nú verið hætt í keppni með góðum árangri og enginn með alvarlega áverka á kjálkabeini. Sigríður taldi að það dragi ekki úr áverkum á kjálkabeini nema menn hætti alveg að nota kjálkaboga. Hún telur að fyrirbyggjandi aðgerðir séu mjög jákvæðar sem og fræðsla. Bann á stangaméla með tunguboga nauðsynlegt til að fyrirbyggja þessa áverka. Umtalsveður árangur í að bæta velferð á hrossum og áverkum í munni og kinnbeinum hefur fækkað.

Tillögur þingsins lagðar fram og vísað til nefndar

54 tillögur vísað til viðeigandi nefnda (sjá 59. Landsþing LH - þingskjöl).

Guðmundur Hagalíns formaður kjörnefndar fór yfir hvaða tillögum væri vísað til eftirfarandi nefnda:

- Þingskjal nr. 1 Allsherjarnefnd (Flytjandi: Stjórn LH)
- Þingskjal nr. 2 Allsherjarnefnd (Flytjandi: Stjórn LH)
- Þingskjal nr. 3 Allsherjarnefnd (Flytjandi: Stjórn LH)
- Þingskjal nr. 4 Keppnisnefnd (Flytjandi: Stjórn LH)
- Þingskjal nr. 5 Allsherjarnefnd (Flytjandi: Stjórn LH)
- Þingskjal nr. 6 Allsherjarnefnd (Flytjandi: Stjórn LH)
- Þingskjal nr. 7 Allsherjarnefnd (Flytjandi: Stjórn LH)
- Þingskjal nr. 8 Ferða- og Umhverfisnefnd (Flytjandi: Stjórn LH)
- Þingskjal nr. 9 Allsherjarnefnd (Flytjandi: Stjórn LH)
- Þingskjal nr. 10 Allsherjarnefnd (Flytjandi: Stjórn LH)
- Þingskjal nr. 11 Kynbótanefnd (Flytjandi: Stjórn LH)
- Þingskjal nr. 12 Ferða- og Umhverfisnefnd (Flytjandi: Stjórn LH)
- Þingskjal nr. 13 Allsherjarnefnd og Kynbótanefnd (Flytjandi: Stjórn LH)
- Þingskjal nr. 14 Ferða- og Umhverfisnefnd (Flytjandi: Ferða- og Samgöngunefnd LH)
- Þingskjal nr. 15 Ferða- og Umhverfisnefnd (Flytjandi: Ferða- og Samgöngunefnd LH)
- Þingskjal nr. 16 Keppnisnefnd (Flytjandi: Stjórn GDLH)
- Þingskjal nr. 17 Keppnisnefnd (Flytjandi: Keppnisnefnd LH)



- Þingskjal nr. 18 Keppnisnefnd (Flytjandi: Keppnisnefnd LH)
Þingskjal nr. 19 Keppnisnefnd (Flytjandi: Keppnisnefnd LH)
Þingskjal nr. 20 Keppnisnefnd og Æskulýðsnefnd (Flytjandi: Keppnisnefnd LH)
Þingskjal nr. 21 Keppnisnefnd (Flytjandi: Keppnisnefnd LH)
Þingskjal nr. 22 Keppnisnefnd (Flytjandi: Keppnisnefnd LH)
Þingskjal nr. 23 Keppnisnefnd (Flytjandi: Sörli)
Þingskjal nr. 24 Allsherjarnefnd (Flytjandi: Fákur)
Þingskjal nr. 25 Keppnisnefnd (Flytjandi: Fákur)
Þingskjal nr. 26 Keppnisnefnd (Flytjandi: Fákur)
Þingskjal nr. 27 Æskulýðsnefnd (Flytjandi: Fákur)
Þingskjal nr. 28 Keppnisnefnd (Flytjandi: Fákur)
Þingskjal nr. 29 Keppnisnefnd (Flytjandi: Fákur)
Þingskjal nr. 30 Keppnisnefnd (Flytjandi: Fákur)
Þingskjal nr. 31 Trec nefnd (Flytjandi: Funi)
Þingskjal nr. 32 Keppnisnefnd (Flytjendur: Geysir, Háfeti, Kópur, Logi, Smári, Sleipnir, Sindri og Trausti)
Þingskjal nr. 33 Allsherjarnefnd (Flytjendur: Geysir, Háfeti, Kópur, Logi, Smári, Sleipnir, Sindri og Trausti)
Þingskjal nr. 34 Allsherjarnefnd (Flytjendur: Geysir, Háfeti, Logi, Smári, Sindri og Trausti)
Þingskjal nr. 35 Allsherjarnefnd (Flytjendur: Geysir, Háfeti, Kópur, Logi, Smári, Sleipnir, Sindri og Trausti)
Þingskjal nr. 36 Allsherjarnefnd (Flytjendur: Geysir, Háfeti, Kópur, Logi, Smári, Sleipnir, Sindri og Trausti)
Þingskjal nr. 37 Allsherjarnefnd (Flytjendur: Geysir, Háfeti, Logi, Smári, Sindri og Trausti)
Þingskjal nr. 38 Allsherjarnefnd (Flytjendur: Geysir, Háfeti, Kópur, Logi, Smári, Sleipnir, Sindri og Trausti)
Þingskjal nr. 39 Keppnisnefnd (Flytjendur: Geysir, Háfeti, Kópur, Logi, Smári, Sleipnir, Sindri og Trausti)
Þingskjal nr. 40 Allsherjarnefnd (Flytjendur: Geysir, Háfeti, Kópur, Logi, Smári, Sleipnir, Sindri og Trausti)
Þingskjal nr. 41 Allsherjarnefnd (Flytjendur: Geysir, Háfeti, Kópur, Logi, Smári, Sindri og Trausti)
Þingskjal nr. 42 Allsherjarnefnd (Flytjandi: Gnýfari)
Þingskjal nr. 43 Kynbótanefnd (Flytjandi: Hörður)
Þingskjal nr. 44 Keppnisnefnd (Flytjandi: Léttir)
Þingskjal nr. 45 Allsherjarnefnd (Flytjandi: Léttir)
Þingskjal nr. 46 Ferða- og Umhverfisnefnd (Flytjandi: Sprettur)
Þingskjal nr. 47 Æskulýðsnefnd (Flytjandi: Sprettur)
Þingskjal nr. 48 Allsherjarnefnd (Flytjandi: Sprettur)



Þingskjal nr. 49 Keppnisnefnd (Flytjandi: Sprettur)

Þingskjal nr. 50 Allsherjarnefnd fjalli um tillögu, en Keppnisnefnd fjalli um liði 3, 4, og 5 og Kynbótanefnd um lið 2 (Flytjandi: Sprettur)

Þingskjal nr. 51 Kynbótanefnd (Flytjandi: Sprettur)

Þingskjal nr. 52 Keppnisnefnd (Flytjandi: Sprettur)

Þingskjal nr. 53 Allsherjarnefnd (Flytjandi: Dreyri, Faxi, Glaður, Skuggi og Snæfellingur).

Þingskjal nr. 54 Keppnisnefnd (Flytjandi: Dreyri, Faxi, Glaður, Skuggi og Snæfellingur).

Á þingfundi komu fram tvær tillögur sem samþykkt var að leyfa að leggja fyrir:

Þingskjal nr. 55 Alsherjarnefnd (Flytjandi: Léttfeti, Stígandi og Svaði).

Þingskjal nr. 56 Ferða- og Umhverfisnefnd

Þórður Ingólfsson (Glaður). Of mikið af tillögum sem liggja fyrri á þingi, ítrekað rætt og hafnað. Sótt um frávísun á 3 skjöl: 38, 40 og 49. Handatalningar voru gerðar um hvort ætti að vísa þingskjölum frá eða ekki.

Handatalning um þingskjal nr. 38 (44 já og 45 nei) og var henni ekki vísað frá.

Handatalning um þingskjal nr. 40 (36 já og 60 nei) og var henni ekki vísað frá.

Handatalning um þingskjal nr. 49 (sjónarmunur) og var henni ekki vísað frá.

Oddrún Ýr Sigurðardóttir (Hörður) sótti um að þingskjal nr. 43 yrði einnig tekið fyrir í Allsherjarnefnd.

Nefndastörf

Nefndarstörf voru síðan afgreidd á viðeigandi stöðum.



Laugardagur 18. október

Þingfundur, nefndir skila álit, umræður og afgreiðsla

Þingforseti, **Kjartan Ólafsson** hefur þingfund, getur þess að afgreiða þurfi 55. tillögu og því þurfi að halda vel áfram.

Kjartan upplýsir þingið um að tillaga frá hestamannafélögunum í Skagafirði verði lögð fyrir þingið. Það sé ekki til talning á atkvæðum úr þeirri atkvæðagreiðslu en augljóst hafi verið að meirihluti var fyrir tillögunni, þó ekki hafi verið hægt að fullyrða að aukinn meirihluti hafi verið í atkvæðagreiðslunni eins og þarf samkvæmt lögum. Taldi hann að Skagfirðingar hefðu getað komið þessari tillögu að í alsherjarnefnd þó þingið hefði fellt hana.

Fyrst á dagskrá eru nefndaálit, kynningar nefndaformanna allra nefnda sem kynna niðurstöður sinna nefnda. Kosið verður um niðurstöðu hvers þingskjals.

Trek nefnd

Brynjar Skúlason, formaður Funa, gerir grein fyrir störfum nefndarinnar.

Þingskjal 31.

Byrjar á að kynna keppnisgreinina Trec með glærusýningu og kynningu á nefndarfólki sem voru 6 frá félögum og einn fulltrúi LH. TREC er skammstöfun úr frönsku sem var upphaflega próf fyrir leiðsögumenn á hestum, en 20 lönd eru aðilar að greininni.

Um er að ræða þrískipta keppni, þrautabraut (t.d.16 mismunandi þrautir), gangtegunðakeppni (hraðastjórnun) og víðavangsrattleikur (allt að 45 km). Brynjar sýnir myndband frá æfingum sl. í vetur á þrautabrautinni og lýsir því sem gerist á myndbandinu.

Brautir má byggja upp smátt og smátt, verkefnið lífgaði upp á félagsstarfið hjá Funa, þ.e. að búa til þrautirnar og fara gegnum þær í vetur.

Brynjar fer yfir punkta nefndarinnar. Greinin nær til þeirra sem ekki eru í hefðbundinni keppni og gæti aukið nýliðun. TREK eykur fjölbreytni í keppnisflórinni. Hægt væri að halda kynningarkeppni innan 2ja ára í greininni. Finna þarf íslenskt nafn á keppnina en verið að ljúka þýðingu á reglunum svo vinna er í gangi. Sprettur er að fara að setja upp braut hjá sér en mikilvægt er að einhver taki að sér að hanna brautirnar í hverju félagi. Stefnt er að því að senda út aðila til að kynna sér greinina betur, fá þjálfun erlendis til að geta kynnt þetta hér á landi ásamt því að þjálf þarf dómara í greininni. Brynjar hvetur að lokum alla til að kynna sér þessa íprótt betur og koma henni inn í félögin. Þingforseti ber tillöguna undir atkvæði og er hún samþykkt samhljóða

- ***Tillagan samþykkt.***

Keppnisnefnd

Snorri Ólasson frá Mána gerir grein fyrir störfum nefndarinnar. Fjölmennt var í keppnisnefnd og mikil umræða enda mörg þingskjöl.



Þingskjal 4.

Snorri les upp þingskjalið um tungubogamél, þar sem hægt var að misskilja orðalagið bar nefndin fram breytingatillögu á orðalagið, Snorri les upp breytingatillöguna. Áréttar að ekki er verið að banna íslenskar stangir. Þingforseti óskar eftir að greidd séu atkvæði um hverja tillögu fyrir sig, ber upp tillöguna sem er samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta, tveir á móti.

- **Tillagan samþykkt.**

Þingskjal 16

Les upp þingskjalið, tillaga um nýja keppnisgrein í gæðingakeppni, miklar umræður og jákvæðar. Hvetja félögin til að prófa sig áfram með keppnisgreinina. Gæðingadómarafélagið dró tillöguna til baka.

- **Tillagan dregin tilbaka.**

Þingskjal 17

Les upp þingskjalið, nefndin vísar í lagagrein um fyrirvara á tímatöku, samþykkt að hnykkja á eftir hverja umferð. Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með þessari breytingu.

- **Tillagan samþykkt samhljóða.**

Þingskjal 18

Varðar að draga of seint úr úrslitum, Snorri les upp tillöguna ásamt breytingu er varðar viðurlögin. Tillagan var samþykkt óbreytt í nefndinni.

Umræður: Þingforseti býður orðið, engar umræður. Tillagan samþykkt, 1 atkvæði á móti.

- **Tillagan samþykkt.**

Þingskjal 19

Les upp þingskjalið, var talsvert rætt. Nefndin leggur til að hún verði samþykkt óbreytt.

Umræður: Engar umræður. Tillagan samþykkt, 5 atkvæði á móti.

- **Tillagan samþykkt.**

Þingskjal 20

Snorri les upp tillöguna, nefndinni fannst óþarfi að binda við að nota sama hestinn, var samþykkt í nefndinni. Æskulýðsnefnd gerir grein fyrir sinni umfjöllun um málið, er sammála keppnisnefnd.

- **Tillagan samþykkt samhljóða.**



Þingskjal 21

Les upp þingskjalið, það var rætt í nefndinni að þegar væru til reglur um málið og var því fellt í nefndinni.

Umræður: Þingforseti býður umræður, **Kristinn Hugason** biður um orðið, vill að niðurstaða nefndarinnar verði borin upp, þ.e. að fella hana. Þingforseti ber upp niðurstöðu nefndarinnar og er hún samþykkt með einu atkvæði á móti.

- ***Tillagan felld***

Þingskjal 22

Snorri les upp þingskjal ásamt greinargerð um málið sem var rætt töluvert og samþykkt af nefndinni.

Umræður: Þingforseti býður umræðu. **Guðmundur Birkir Þorkelsson** þiggur orðið og leggur til að tillagan verði felld vegna of margra á mótinu nú þegar. Þingforseti ber upp tillöguna og segir sjónarmun, atkvæðagreiðsla er endurtekin og talið samkvæmt beiðni fundarins. Tillagan samþykkt með 89/49.

- ***Tillagan samþykkt.***

Þingskjal 23 & 26

Var tekið með þingskjali 26 sem var lengra. Snorri les þá tillögu og greinargerð með tillögunni. Breytingatillaga er lesin upp en nefndinni fannst vanta uppá hana. Var töluvert rætt og samþykkt í nefndinni. Þingforseti fer yfir niðurstöðu nefndarinnar, þ.e. að þingskjal 23 var dregið til baka en atkvæðagreiðsla um þingskjal 26.

- ***Tillaga 23 dregin tilbaka***
- ***Tillaga 26 samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta.***

Þingskjal 25

Snorri les upp tillöguna ásamt greinargerð. Nefndin samþykkti tillöguna með þorra atkvæða. Þingforseti ber upp tillöguna.

- ***Tillagan samþykkt samhljóða.***

Þingskjal 28

Snorri les upp tillöguna, nefndin lagði til viðbætur við lagagreinar um þátttöku á mótum, var samþykkt þannig í nefndinni en um er að ræða íslenska sérreglu.

Umræður: **Sigurður E. Ævarsson** bendir á að orðalagið í greininni taki inn þátttöku knapans líka og vill að tillögunni verði breytt þar sem hún sé ekki fullunnin. Tillaga kemur fram um að fella greinina svona, fulltrúar tala um tillöguna. Kjartan kallar eftir breytingatillögu, Sigurður ekki tilbúinn með hana, vill að hún sé unnin betur. **Kristín Njálsdóttir** úr Spretti kemur í pontu og leggur til að fresta afgreiðslu tillögunnar, hún verði löguð í nefndinni og lögð aftur fyrir síðar. **Kristinn Hugason** leggur til að nefndin lagi tillöguna í hádeginu og beri hana fram aftur sem er samþykkt.

- ***Afgreiðslu frestað.***



Þingskjal 29

Snorri les upp tillöguna ásamt greinargerð en umræður voru talsverðar, nefndin felldi tillöguna, Kjartan ber hana upp til atkvæðagreiðslu. Samþykkt er afgreiðsla nefndarinnar með meirihluta atkvæða.

- ***Tillagan felld.***

Þingskjal 30

Snorri les upp tillöguna ásamt greinargerð. Talsverð umræða var um hana í nefndinni, of stór ákvörðun, þarf að skoða betur, felldu tillöguna.

Umræður: Formaður gæðingadómarafélagsins, **Sigurður Straumfjörð**, kom í pontu. Sigurður telur að ekki sé hægt að taka geðþóttaákvörðun án rökstuðnings, vill láta taka saman upplýsingar um mót sem haldin hafa verið og rökstyðja breytingarnar. Óskar eftir rannsóknnum. næstur tekur til máls **Guðmundur Birkir Þorkelsson**, leggur til samþykkt, ætti að vera búíð að rannsaka. **Kristinn Hugason** fær orðið, tekur undir orð formannsins og rökstyður að allar fimm tölurnar séu til grundvallar. Þingforseti ber upp tillöguna til atkvæðagreiðslu.

- ***Tillagan felld með meirihluta atkvæða.***

Þingskjal 32

Snorri les upp tillöguna, var rætt í nefndinni að það sé slæmt að yfirdómari eigi að skaffa dómara á síðustu stundu, nefndin felldi tillöguna.

Umræður: Þingforseti býður umræður, **Guðmundur Birkir Þorkelsson** tekur til máls, skilur ekki af hverju dómara á launum geti ekki tekið þetta að sér. **Oddrún Ýr Sigurðardóttir** tekur til máls, segir að það sé dómarafélaganna að redda dómurum, dómarafélögin eru að sjá um þetta nema um ólögleg mót sé að ræða. Þingforseti ber upp niðurstöðu nefndarinnar til atkvæðagreiðslu, samþykkt með meirihluta.

- ***Tillagan felld***

Þingskjal 39

Tillagan er lesin upp, nefndin felldi hana og vísar í þingskjal 38. Þingskjal 38 lesið upp því til stuðnings. Þingforseti óskar eftir atkvæðagreiðslu um niðurstöðu nefndarinnar, samþykkt með meirihluta atkvæða.

- ***Tillagan felld***

Þingskjal 44 & 52

Tekin saman þar sem þau fjalla um það sama, en þingskjal 44 gengur lengra, þau því sett saman (Þingskjal 52 felld inn í nr 44). Les upp tillöguna, talsverðar umræður voru í nefndinni sem samþykkti tillöguna. Þingforseti ber undir atkvæði, samþykkt með meirihluta atkvæða.

- ***Tillagan samþykkt***



Þingskjal 49

Var fellt úr nefndinni, Þingforseti ber undir atkvæði, samþykkt samhljóða.

- ***Tillaga felld***

Þingskjal 50,

Les upp tillöguna. Félagslegi þátturinn er mikilvægur, liður 3 var felldur í nefndinni, les upp lið 4 sem var einnig felldur, liður 5 lesinn upp, var mikið rætt í nefndinni sem felldi einnig þennan lið.

Umræður: Þingforseti tekur til máls; Keppnisnefndin felldi þingskjal 50 og Allsherjarnefnd leggur til að þingskjali 50 verði vísað frá. **Kristinn Hugason** segir að Kynbótanefnd mun skila sínu álit. **Guðmundur Birkir Þorkell** nefnir að eftir umræður í Allsherjarnefnd var samþykkt að halda fund með hagsmunaaðilum um málið, leggur til að samþykkja ráðstefnu um málið, vildi benda á að fella allt nema ráðstefnu. **Magnús Sigurjónsson**, formaður Sörla, segir að Keppnis- og Kynbótanefnd áttu að fjalla um og gefa álit en að Allsherjarnefnd ætti að fjalla um hana. Þingið samþykkir að fresta afgreiðslu.

- ***Afgreiðslu frestað.***

Þingskjal 54

Snorri les upp tillöguna ásamt breytingu. Fjallar um eigendaskipti sem geta átt sér stað rétt fyrir mót, leggja því til 1. maí ár hvert sem lokadag eigendabreytinga. Var rætt í nefndinni sem fannst það strangt valið, vilja miða við síðasta skráningardag inn á mót. Breytingartillagan var samþykkt í nefndinni. Þingforseti ber undir atkvæði, samþykkt með meirihluta.

- ***Breytingartillaga samþykkt.***

Kynbótanefnd

Kristinn Hugason frá Spretti gerir grein fyrir störfum nefndarinnar, vill byrja á að fjalla um tillögur sem hún skilar álit á.

Þingskjal 50

Álit kynbótanefndar vegna þingskjals 50, liður 2. Niðurstaða kynbótanefndar er að kanna þarf hvort það þurfi að takmarka fjölda hrossa með fjöldatakmörkun í stað einkunnamarka, en um er að ræða álit nefndarinnar.

Þingskjal 51

Álit vegna þingskjals 51, Kristinn les upp þingskjalið ásamt greinargerð, var rætt í nefndinni með þeirri niðurstöðu að nefndin leggur til að hún verði samþykkt. Samþykkt með meirihluta.

- ***Tillagan samþykkt.***



Pingskjal 43

Kristinn les upp greinina, nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt. Þingforseti ber undir atkvæði. Samþykkt samhljóða.

- **Tillagan samþykkt.**

Pingskjal 13

Kristinn les upp greinina ásamt greinargerð, niðurstaða nefndarinnar að hún leggur til að greinin verði samþykkt. Nefndin dregur í efa að búsetuskilyrði greinarinnar hafi átt að hindra aðkomu þéttbýlisbúa. Kristinn leggur til orðalagsbreytingu á tillögunni þannig að ekkert misskiljast um hvert á að beina málinu (ráðuneyti). Kjartan, formaður allsherjarnefndar leggur til samþykkt þingskjalsins, tvö ráðuneyti sem sami maður gegnir (Sigurður Ingi, sjávarútvegs og landbúnaðar ráðherra). Tillagan var samþykkt af kynbótanefnd, er borin upp af fundarstjóra og samþykkt samhljóða.

- **Tillagan samþykkt.**

Pingskjal 11

Kristinn les upp greinina ásamt greinargerð. Var mikið rætt í nefndinni, snerist mest um hugtakið einfaldur, hvenær eru hringamél ekki lengur einfaldur beislabúnaður? Ekki hægt að skilja tillöguna eins og nefndin myndi vilja, vísar í flóknar reglur um fótabúnað. Nefndin leggur til að vísa frá og fella tillöguna en mætti kanna og leggja hana fram með skilgreiningu á því hvað er einfaldur beislabúnaður. Þingforseti ber upp afgreiðslu nefndarinnar til atkvæðagreiðslu. Samþykkt samhljóða.

- **Tillagan felld.**

Formaður kynbótanefndar þakkar fyrir góð störf í nefndinni og hvetur til að þingið drifi sig áfram í vinnunni.

Æskulýðsnefnd

Thelma Víglundsdóttir, Sörla, gerir grein fyrir störfum nefndarinnar. 23 störfuðu í nefndinni sem fékk 3 tillögur. Þingskjal 20 er þegar afgreitt. Nefndinni ljáðist að rita þingskjölin í fundargerð.

Pingskjal 27

Thelma les upp greinina, nokkur umræða um tillöguna og mismunandi álit, les upp úr vef ÍSÍ um verðlaun og viðurkenningar. Nefndin leggur til við félagin að þau geri pollum kleift að keppa í flokkum en raða ekki í verðlaunasæti.

Leggja til að fella tillöguna. Þingforseti ber undir atkvæði. Samþykkt með meirihluta atkvæða.

- **Tillagan felld.**



Pingskjal 47,

Les upp greinina, tillagan kemur frá Spretti, mikil og jákvæð umræða um málið, endaði með því að nefndin leggur til að hún verði samþykkt.

Umræður: Þingforseti býður orðið, formaður LH fagnar tillögunni en léleg svörun við könnun yfir nýliðun. Þingforseti ber undir atkvæði. Samþykkt samhljóða.

- ***Tillagan samþykkt.***

Thelma þakkar góða samvinnu.

Ferða og umhverfisnefnd

Formaður nefndarinnar, **Halldór H. Halldórsson** Spretti, gerir grein fyrir störfum nefndarinnar. Nefndin taldi 19 fulltrúa frá 15 hestamannafélögum, nokkur þingskjöl til umfjöllunar, vill halda þeim sið að lesa tillögurnar.

Pingskjal 8

Les upp greinina, samþykkt samhljóða í nefndinni, mikilvægt að fylgjast með skipulagsmálum á hverju svæði. Þingforseti ber undir atkvæði. Samþykkt samhljóða.

- ***Tillagan samþykkt.***

Pingskjal 12

Frá stjórn LH, Halldór les upp greinina, 3 tillögur ganga út á sama mál en nefndin vildi fjalla um hverja og eina. Ræðir um 60 millj. framlag ríkisins sl. 5 ár sem ekki dugir til viðhalds á þeim reiðvegum sem fyrir eru. Samþykkt í nefnd. Þingforseti ber undir atkvæði. Samþykkt samhljóða.

- ***Tillagan samþykkt.***

Pingskjal 14

Frá nefndinni, les upp greinina, heilmikil greinargerð fylgir. Ítarlega er farið yfir málið frá '91, hvatningar til ríkisstjórnarinnar hafa dagað uppi í framkvæmd. Samþykkt í nefndinni. Þingforseti ber undir atkvæði. Samþykkt samhljóða.

- ***Tillagan samþykkt.***

Pingskjal 15

Frá nefndinni, Halldór les upp greinina, birtir mynd af vegvísun hjá Spretti. Lagt til að önnur félög taki þá upp, þakkir hafa borist frá göngu og hestafólki. Fræðslustjóri Þingvallapjóðgarðs var með í umræðunum. Einungis er um hvatningu að ræða til að nota skiltin, var samþykkt í nefndinni, Þingforseti ber undir atkvæði. Samþykkt samhljóða.

- ***Tillagan samþykkt.***



Pingskjal 46

Halldór les greinina. Greinargerð fylgir, fjögurra ára samgönguáætlun liggur enn ósamþykkt í ráðuneytinu. Umræður um mikla aukningu í hestaferðum sem spæna upp reiðvegi, hestafólk vinnur vinnuna en fyrirtækin nýta hana án þess að leggja neitt til. Þurfum að leggjast á árar, vill ráðstefnu um reiðvegi. Var samþykkt í nefndinni. Þingforseti ber undir atkvæði. Samþykkt samhljóða.

- ***Tillagan samþykkt.***

Pingskjal 56

Pingskjalið var búið til í gær og birt á skjá með ósk um að fá leyfi til að bera fram tillöguna. **Kristinn Hugason** segir fordæmi fyrir þessu, þingforseti les upp grein um málið. Þingið getur samþykkt að hún sé borin fram, leggur til að hún verði tekin inn og afgreidd. Halldór les upp tillöguna ásamt greinargerð, var samþykkt í nefndinni.

Umræður: Þingforseti býður orðið laust. **Guðrún Oddsdóttir** biður þingheim um að hnykkja á tölum 7.5 millj. og núna 20-21millj miðað við þær breytingar sem hafa átt sér stað, kominn tími á nýja könnun og leggur til að tillagan verði samþykkt. **Sigfús Halldórsson** vill að LH fari í viðræður við hestatengda þjónustu í landinu, þeir eru tilbúnir að koma að málinu, í ljósi talnanna sem liggja fyrir eru fyrirtækin tilbúin en vantar að hafa samband. **Pétur** biður um orðið, er sammála Guðrúnu og Sigfúsi, sterkt að vera með gögn, styður málið. **Hjörtur Bergstað Fákí**, greinir frá að Fákur sé með reiðskóla og hestaleigur og með samninga við þau um leigu vegna afnota af aðstöðunni, hér er um fordæmi að ræða. Þingforseti ber undir atkvæði. Samþykkt samhljóða.

- ***Tillagan samþykkt.***

Lokaorð Halldórs H. Halldórssonar, þakkar samnefndarmönnum, luku umfjöllun fyrir mat í gær.

Erindi - Nýliðun

Erla Guðný Gylfadóttir stjórnarmaður kynnir dagskrárliðinn ‚Nýliðun‘ sem er næst á dagskrá. Kynnir **Viðar Halldórsson** sem mun fjalla um málið, Viðar er lektor í félagsfræði, hefur unnið með íþróttafélögum á landinu, kom 2013 að formannafundi LH og er óháður fræðimaður.

Viðar þakkar boðið og kynnir sig, lektor í félagsfræði og er mikið að skoða uppbyggilegt umhverfi árangurs, hefur starfað sem ráðgjafi á íþrótt og fyrirtækjamarkaði með sérsamböndum og félögum. Er fenginn nú til að vinna í nýliðunarmálum og ímynd hestamennskunnar. Viðar hefur glærुकynningu sína á að birta pýramída með almenna þátttöku neðst (breiðast) og afrekafólkið efst. Uppbyggingarstarfið er nauðsynlegt fyrir afreksfólkið því án þeirra væri ekkert afreksstarf. Afreksstarfið er líka mikilvægt fyrir fjöldann því það er sýnilegt, það innifelur árangur og fyrirmyndir. Samband almenns- og afreksstarfs á að vera eins og gott hjónaband, þar sem báðir aðilar græða.



Nýliðun gengur út á það hvernig er hægt að fjölga almennum félagsmönnum, börnum og sjálfbóðaliðum. Starfið dafnar ekki án nýliðunar. Farið var í vinnu við að skoða nýliðun í hestamennsku, sendir voru út spurningalistar til að finna út viðhorf, af hverju þátttakendur fóru á reiðnámskeið, af hverju þátttakendur gengu ekki í félagið í kjölfarið. Gert var ráð fyrir nokkur hundruð þátttakendum í rannsókninni. Spurt var um námskeiðin, af hverju þátttakendur stunduðu ekki hestamennsku almennt og hversu líklegt væri að þau nýttu sér aðgang að hestum sem væri hægt að leigja (hestaleigur og reiðskólar). Þetta verkefni strandaði á þátttöku því fáir sinntu þessu kalli. Svör fengust frá 23 þátttakendum sem segir að eitthvað er ekki eins og það á að vera (álit Viðars). Niðurstaðan er að við höfum ekki nothæf gögn.

Niðurstaðan er vísbending um að málið sé flókið í framkvæmd. Sjálfbóðaliðsstarfið er forsenda starfsins, ca. 35 slíkir vinna fyrir hverja 100 félagsmenn. Þórdís Gísladóttir mat vinnuframlag sjálfbóðaliða í íþróttahreyfingunni sem er stór hluti af henni og mikilvægur þáttur. Sjálfbóðaliðastarf er jafnframt félagsauður, því það myndast félagsleg tengsl. Það er menning í félagsauði, t.d. er ákveðinn mannauður að höndla skartgripi í USA, ekki skipst á og byggir á trausti, ert útskrúfaður ef brýtur traust. Traust og samstaða gerir kleift að ná markmiðum. Félögin settu fyrir sig skort á trausti um þessar upplýsingar og að þær væru ekki til. Ekki nægur félagsauður í félögunum til að framkalla gögnin. Sífelld erfiðara að fá sjálfbóðaliða enda oft litið niður á þau og komið fram við sjálfbóðaliða með hroka. Skortur á sjálfbóðaliðum veltir upp spurningunni um menninguna í hestamenskunni. Viðar spyr, hver er ímynd hestamenskunnar? Er um sérhagsmunamál að ræða? Ríkir samstaða eða sundrung? Er þetta aðlaðandi? Getur verið fráhrindandi ef einkennist af hroka. Skrifuð var BA ritgerð um af hverju aðilar innan hestamenskunnar geta ekki unnið saman, hvað segir það okkur? Brotalamir sem þarf að laga í myndinni til að gera hestamenskuna eftirsóknarverða.

Í þessu samhengi er sjónarhorn félagsfræðinnar að mikilvægt er að geta sett sig í spor annarra, að geta tamið sér að ræða við aðra og komast að sameiginlegri niðurstöðu. Upphaflega voru Ólympíuleikarnir til að einstaklingar kynntust hver öðrum, ólíkum siðum og keppnisgreinum. Þurfum að ná sameiginlegri sýn til að gera hestamenskuna aðlaðandi.

Þessu má skipta í nokkra þætti:

Hellum vatni (upplýsingum) í bolla, magn vatns segir til um árangur.

1. bolli á hvolfi tekur ekki mikið vatn.
2. bolli snýr rétt en er með gat á botninum, allt lekur í gegn.
3. bolli er skítugur, vatnið verður gruggugt, hunsum öll mótrök, hlustum bara á eigin málstað, ekki mótrökin..
4. bolli er í lagi og hægt að fylla af vatni.

Íslenska fótþboltalandsliðið, fimleikasambandið ofl. Hvað gerðu þau til að ná þessari breytingu sem hefur orðið? Önnur vinnubrögð, allir vinna saman, ef hrósað beina því á hópinn sbr. Lars



Lagerback. Síðast voru það sjúkráþjálfararnir og lækarnir sem björguðu leiknum, allir hafa hlutverk og Lars dregur fram þær upplýsingar og minnir þannig á mikilvægi allra sem vinna að sama markmiði.

Oft hlutir í gangi, lífið eins og leikhús, við að leika í hlutverkum.

Bakvið tjöldin gerast svo aðrir hlutir, ekki eins og þegar við erum ein, t.d. íþróttalið, þar eru egóistar, berjast um sæti, spilatíma ofl. Þegar komið er á völlinn, eru þau ein liðsheild. Sem virkar sannfærandi og gerist með góð lið. Þau skapa stemmingu og laða að sér nýja iðkendur, sjálfbóðaliða og styrktaraðila því þau standa fyrir eitthvað sem er aðlaðandi og spennandi að tilheyra. Hvað getum við lært af Lars? Hvað gerist baksviðs?

Á síðasta formannafundi fóru af stað vinnufundir með hugmyndir um hvernig má bæta og fjölga í ofangreindum hópum. Þurfum að byrja innan frá.

Erindi: Aníta Margrét Aradóttir

Kjartan þakkar Viðari Halldórssyni erindið og kynnir næsta erindi, **Aníta Margrét Aradóttir** Mongólíu-marabonfari.

Aníta kynnir sig, ætlar að tala um Mongólíuferðina. Margt sem gerðist og var ferðin mögnuð lífsreynsla. Aníta upplifði mikinn áhuga frá fólki sem hafði samband. RÚV vildi gera heimildamynd um keppnina og ferðina hennar þangað og var búið að fjármagna en mótshaldarar leyfa ekki kvikmyndatökumönnum að fylgja án leyfis. Sækja þarf um en aðrir voru búnir að fá leyfi og vildu mótshaldarar ekki banna en ekki heldur leyfa. Aníta og upptökuliðið fengu leyfi viku fyrir mótið sem var orðið allt of seint, þeir voru búnir að lofa sér í annað. Aníta gefur út bók um ferðina, myndadagbók með texta á íslensku og ensku.

Bókaútgefandi hafði samband að fyrra bragði og bað hana um að gefa út bókina. Sýnir sig að hestamennska getur vakið áhuga. Ástæða fyrir útgáfu bókarinnar er að gefa innsýn inn í upplifunina í ferðinni. Veit að alla langar að vita meira um keppnina, lífsreynsluna. Erfitt að ná markmiðum, má ekki gefast upp. Af hverju þol og kappreiðar? Aníta var einangruð í keppninni, frá því sem var að gerast á meðan enda ríðandi á ótemjum í 12-13 tíma á dag. Þegar hún svo kíkti á netið á kvöldin hafði orðið sprenging á facebook síðunni hennar. Ekki var einungis um að ræða hestafólk sem hafði áhuga heldur var stór partur af þjóðinni að fylgjast með þessu sem var hestatengt.

Allir vita þegar það er Landsleikur í fótbolta og við fylgjumst með þó við séum ekki að spila og þekkjum leikmennina. Á landsmóti eru bara hestamenn að fylgjast með en því væri gaman að breyta með þol og kappreiðum því það er svo auðvelt að skilja þær greinar og fylgjast með þeim án þess að vera hestamaður eða vita mikið um greinarnar. Það þarf þjáfað auga til að geta fylgst með hestaíþróttum í dag. Fólk utan hestamennsku sem er beðið um álit segir það flott að horfa og flottir búningar en maður skilur ekki neitt, er flókið, langdregið og alltaf það sama. Stíla þarf inn á kappreiðar til að ná útbreiðslu og áhuga fólks sem ekki er með hross. Ættum að nýta tækifærið og nota áhugann sem varð til í gengum þolreiðina sem ég tók þátt



Í. Magnað skilaboðin frá fólki, mikill áhugi á að horfa, fólk vaknaði á nóttunni til að fylgjast með. Held að tækifærið sé tilvalið að gera meira úr þessu. Það var spennandi í keppninni og allir gátu fylgst með, bæði hestamenn og aðrir.

Aníta les þvínæst upp úr bókinni frá degi 3 sem var erfiðasti dagurinn, svo erfiður að hana langaði að deyja. Hrísgjónagrautur var í morgunmat, hún fékk jarpan ókyrran hest sem var fljótur en stjórnlaus, hljóp áfram og gat Aníta ekki gáð hvort hún væri að fara í rétta átt. Aníta varð að láta sig hafa það en hesturinn lagaðist með tímanum. Aníta hékk í 3 tíma og fegin að komast af en þetta tók mikla orku. Hún fékk skrítið "vibe" á skiptistöðinni, fékk rauðskjóttan hest, strákarnir fengu hrekkjóttan erfiða hesta. Hesturinn virkaði vel fyrst en versnaði, fór að blind rjúka, hesturinn fór að slást við næsta hest, hleypti ekki framúr sér og lét illum látum. Aníta gat bara varað við honum og sat 3,5 tíma á baki þessum hesti. Næsta stöð eftir 7 tíma í rokem bað Aníta um rólegan hest, fékk að borða og leið eins og búið væri að valta yfir sig, nýr grár hestur tók við sem rýkur fljótlega eins og hinir. Hópurinn reið yfir malbikaðan veg, Aníta missti af honum en tollði á, hesturinn róast en þau náðu ekki hópnum og fóru því til baka. Aníta var örmagna af þreytu og bað um annan hest, fór að gráta af þreytu við að útskýra fyrir dýralækninum sem huggaði hana og gaf henni eplasafa. Hún fékk nýjan hest en þurfti að ríða ein, rauður hestur í þetta sinn sem hleypur á eftir tveimur öðrum sem voru á undan en kunni ekki á beislið.

Tíminn er liðinn og Aníta býður upp á spurningar.

- Sveinbjörn í Spretti spyr, hvernig hefði íslenski hesturinn dugað í þetta? Aníta svarar að þeir hefðu ekki helminginn á við þessa hesta sem fara 40 km á dag á 60 km hraða á klst. Íslenski hesturinn er eitthvað skyldur þessu kyni.
- Spurning úr sal. Er þetta bara fyrir unga 40 kg. knapa? Svarið er að í 10 sæti var ein 60 ára kona en það má ekki vera meira en 85 kg með bakpoka.
- Var þakklát fyrir að vera á lífi eftir þetta en eftir nokkra daga er maður til í að fara aftur.
- Hvenær kviknaði þinn áhugi á kappreiðum? Ég var í því áður fyrr, er fáránlega gaman.
- Hvað kostar svona dæmi? Þátttökugjaldið er 1.5 milljón, en skildi það þegar ég kom út og sá alla umgjörðina og utanumhaldið.
- Erling Sigurðsson: þegar ég byrjaði í kappreiðum í gamla daga mátti vera 65 kg, þeir hafa verið á stökki en hafa þeir skeið? Já sumir hestanna skeiðuðu/lulluðu.
- Eru þeir ótamdir? Já, þeir eru nánast ótamdir, engar tamningaraðferðir eru í gangi, er afar villt. Mongólar eru hnakk og skólausir að temja, sumir hestarnir höfðu verið óhreyfðir í marga mánuði og kunnu ekki á beisli en voru misgóðir þótt enginn væri góður. Við vorum með mongólsk beisli sem er langt uppí þeim. Ég var á suður afrískum hnakki, glerharður og óþægilegur, mátti ekki nota aðra hnakka.
- Er þolið eðlislæga svona gott þá? Já, þeir ríða alltaf á stökki og því er þetta komið í genin hjá hestunum sbr. Gengis Khan.



- Myndir þú taka að þér fyrirlestur hjá félögunum ef eftir því væri leitað? Já, hafa samband á facebook.

Að lokum sýndi Aníta stutt myndband því netið var komið upp.

Þingforseti kynnir að samkvæmt dagskrá eigi að halda áfram þingfundi, en ætlum að hafa þann lið á undan kosningunum.

Fjárhagsnefnd

Stefán Logi Haraldsson úr Skugga gerir grein fyrir störfum nefndarinnar. Engar beinar tillögur, en skýrsla liggur fyrir, verður sett á netið. Les upp skýrslu fjárhagsnefndar LH. Fóru yfir árshlutauppgjör sem var kynnt í gær, engar athugasemdir við það. Fjárhagsáætlanir fyrir 2015 og 2016 liggja fyrir til samþykktar, nefndin leggur til að þær verði samþykktar, telur upp nefndarmenn.

Ársreikningar samþykktir af nefnd, Þingforseti ber undir atkvæði.

- ***Samþykkt samhljóða.***

Fjárhagsáætlanir 2015 og 2016 bornar undir atkvæði.

- ***Samþykktar samhljóða.***

Ávarp: Gunnar Sturluson

Þingforseti býður velkominn forseta FEIF, Gunnar Sturluson sem ávarpar þingið.

Lýsir ánægju með að vera hér og sendir kveðju frá samtökunum, tillögur í undirbúningi hjá FEIF. Nýr raunveruleiki orðinn þar sem Ísland er nú einn af gestgjöfunum á heimsmeistaramótinu í Herning 2015, mikill hluti félagsstarfsins hjá FEIF fer í að undirbúa þessi mót. Þátttakan mjög ánægjuleg, góð aðstaða í Herning (Norðurlöndin saman um mótið). Sama umræða um þessi mót og Landsmótin, sumir vilja líka hafa þau á einum föstum stað en sem betur fer hefur það ekki orðið.

Að FEIF standa 18 aðildarlönd, Nýja Sjáland með aukaaðild, allt starf er unnið í sjálfböðavinnu. Fundur í Kaupmannahöfn í febrúar þar sem koma saman á annað hundrað fulltrúar. Skiptir máli að eiga gott samstarf og samtal við hinn almenna hestamann. Ísland þarf að gæta sína að einangrast ekki í séríslenskum reglum, þurfum að hlusta á félaga okkar og þróa áfram með hinum aðildarlöndunum. Vona að allir uni glaðir við niðurstöðu þessa þings.

Þingforseti þakkar Gunnari fyrir ávarpið.

Þingskjal 28, frh.

Snorri Ólafsson f.h. keppnisnefndar kemur með þingskjal sem skoðað var aftur í hádeginu. Þingskjal 28, fórum aftur yfir það, sáu ekkert að því að hafa skjalið óbreytt, telja að verið sé að hjálpa þeim sem eru að byrja í keppni. Nefndin vill samþykkja greinina eins og hún var



borin upp í morgun. Snorri les greinina aftur, skýrir og les breytinguna við greinina. Var samþykkt af nefndinni. Þingforseti ber undir atkvæði. Samþykkt með miklum meirihluta, tveir til þrjár á móti.

- **Tillagan samþykkt.**

Allsherjarnefnd

Ingi Tryggvason frá Skugga gerir grein fyrir störfum allsherjarnefndar. Ingi ávarpar þingið gantast að eigin mállýsku ofl. m.a. ræðugleði Kristins Hugasonar.

Þingskjal 1

Nefndin leggur til að tillagan verði felld.

Umræður: Guðrún Oddsdóttir óskar eftir skýringu á því af hverju tillagan var felld. Ingi skýrir að tillagan gangi út á að stjórnin sjálf skipi þessa nefnd, þarf ekki þingið til að ákveða þetta, getur gert það án ályktunar þingsins.

Haraldur Þórarinnsson, formaður LH, fær orðið. Auðvitað getur stjórnin gert þetta en Landsþingið á gæðingakeppnina og gott að fá umræðu um hvernig kynning á gæðingakeppnini sé best unnin þannig að hún skili sem bestum og jákvæðustum árangri. Höfum skipað nefnd með FEIF sem á að sjá um þessa kynningu en hún er ekki að virka. Gæðingadómarafélag LH hefur verið að vinna þetta án samráðs við LH og FEIF sem er ekki gott. Ekki verkefni gæðingadómarafélagsins að standa í kynningu á þessari keppni án samráðs FEIF og LH. Formaður fræðslunefndar og nefndarmenn gæðingadómarafélagsins létu að því liggja á stjórnarfundi hjá LH, að ef stjórn LH væri ekki sátt við þetta myndu þeir sér aðra samstarfaðila. Kynning á gæðingakeppninni er í gangi sem er gott mál en þarf að vinna í samvinnu við FEIF.

Sigurður Straumfjörð formaður gæðingadómarafélagsins fær orðið, vill fara yfir málin. Ekki rétt hjá Haraldi, erum ekki í viking að kynna gæðingakeppnina, við menntum dómara óháð staðsetningu þeirra. Í heildina eru 100 félagsmenn, höldum nýdómaranámskeið hér og erlendis, erum ekki í neinum öðrum tilgangi að kynna greinina. Stendur til að kynna tækifæri þessarar keppni á eftir í erindi. Gæðingadómarafélagið sér um að dómara mæti sterkir til leiks en það er hlutverk stjórnar að kynna keppnina sem slíka.

Kristinn Hugason fær orðið, rifjar upp það sem formaður LH sagði og upplýsir að gæðingadómarafélagið var styrkt sérstaklega til að kynna gæðingakeppni erlendis sem styður við það sem Haraldur sagði, en þetta var fyrir tíð Sigurðar í dómarafélaginu, rétt var að fella tillöguna því stjórnin getur myndað nefndina.

Haraldur formaður LH fær orðið aftur. Við erum sammála, nefndin hefur ekki komið saman, þurfa að sameinast að gera þetta með skipulögðum hætti þannig að góður árangur náist í sátt við alla. Hefur komið í ljós að verið er að mennta dómara í Þýskalandi þar sem reglur eru um menntun dómara. Má ekki sniðganga reglur um þessi mál í öðrum löndum, er sammála því að fella tillöguna.

Sigurður Straumfjörð fær orðið aftur, vill vera hreinskilinn, þingið er ekki vettvangur fyrir karp, rétt að átti að auka samstarf milli FEIF og GDLH en LH þarf líka að koma inn í þetta við



erum með tengilið í öllum löndum, tókum við fræðslustarfinu og er það í góðum höndum þó smá vesen sé í Þýskalandi, eigum að standa saman í þessu sem öðru, vísar í erindi Viðars fyrir í dag. Harmar orð Haraldar um að ekki sé gott samstarf við önnur lönd. **Haraldur** segir skrítið andrúmsloft hér, biður Gunnar um að taka til máls á ný varðandi samstarfið.

Pingforseti ber upp til atkvæðagreiðslu. Samþykkt að fella tillöguna samhljóða.

- ***Tillagan felld.***

Pingskjal 2

Ingi skýrir breytinguna á greininni, samþykkt af nefndinni.

Umræður: Pingforseti býður orðið, Kristinn Hugason kvartar undan gríni sem jaðri við eineltistilburði, hefur ekki gert neitt á þinginu til að verðskulda grínið vill ekki þessi skot á sig óverðskuldað og biður menn að halda sig við þingstörfin. Pingforseti ber greinina undir atkvæði. Samþykkt samhljóða.

- ***Tillagan samþykkt.***

Pingskjal 3

Ingi skýrir tillöguna, nefndin samþykkti, Pingforseti ber undir atkvæði. Samþykkt samhljóða.

- ***Tillagan samþykkt.***

Pingskjal 5

Ingi skýrir tillöguna, nefndin felldi, Pingforseti ber undir atkvæði. Samþykkt með miklum meirihluta.

- ***Tillagan felld.***

Pingskjal 6

Ingi skýrir tillöguna, nefndin samþykkti, Pingforseti ber undir atkvæði. Samþykkt samhljóða.

- ***Tillagan samþykkt.***

Pingskjal 7

Ingi skýrir tillöguna, nefndin felldi, telur að það myndi auka kostnað og að auki getur stjórnin gert þetta sjálf. Pingforseti ber undir atkvæði. Samþykkt með meirihluta.

- ***Tillagan felld.***

Pingskjal 9

Ingi skýrir tillöguna, kemur inn í aðra tillögu, lagt til að fella þessa en fjalla um hina. Pingforseti ber undir atkvæði. Samþykkt samhljóða.

- ***Tillagan felld.***



Pingskjal 10

Ingi skýrir tillöguna, nefndin samþykkti, Þingforseti ber undir atkvæði. Samþykkt samhljóða.

- **Tillagan samþykkt.**

Pingskjal 13

Var samþykkt í morgun.

Pingskjal 24

Ingi skýrir tillöguna, nefndin kom með breytingartillögu. Þingforseti ber undir atkvæði. Samþykkt samhljóða.

- **Breytingartillaga samþykkt.**

Pingskjal 33

Ingi skýrir tillöguna, nefndin samþykkti, Þingforseti ber undir atkvæði. Samþykkt samhljóða.

- **Tillagan samþykkt.**

Pingskjal 34

Ingi skýrir tillöguna, nefndin felldi, Þingforseti ber undir atkvæði. Samþykkt með miklum meirihluta.

- **Tillagan felld.**

Pingskjal 35

Ingi skýrir tillöguna, nefndin samþykkti, Þingforseti ber undir atkvæði. Samþykkt samhljóða.

- **Tillagan samþykkt.**

Pingskjal 36

Ingi skýrir tillöguna. Þingforseti; það á að vera með tillögunni að halda mótið sameiginlega, er í reglunum að það má halda þau saman.

Umræður: **Sigurður Ævarsson** fær orðið, félögin hafa ráðið tímasetningunni, finnst farsælla að hafa fastar helgar. Ekki tilbúinn með breytingartillögu, eilífir árekstrar milli móta.

Nefndin vill að stjórnin taki þetta til skoðunar. **Bjarki** fær orðið, ekki hægt að halda sömu helgi og fjórðungsmót hefði lent þannig með þeirri tillögu sem fyrir lá. **Guðmundur Birkir** fær orðið, gott að félögin hafi þessar helgar klárar til að byggja sín mót á. Þingforseti ber undir atkvæði. Samþykkt samhljóða.

- **Tillagan samþykkt með orðalagsbreytingum.**

Pingskjal 37

Ingi skýrir tillöguna, ekki veitir af tekjunum enda borga félögin oftast gjöldin, nefndin felldi tillöguna, Þingforseti ber undir atkvæði. Samþykkt með miklum meirihluta.

- **Tillagan felld.**



Pingskjal 38

Ingi skýrir greinina, nefndin felldi.

Umræður: Þingforseti býður orðið. **Guðmundur Birkir**, er í anda umræðu um síðasta landsmót, vel útfærð. Þingforseti ber undir atkvæði. Talning framkvæmd á atkvæðum: Samþykkt með 109/36.

- ***Tillagan felld.***

Pingskjal 40

Ingi skýrir tillöguna, nefndin vísar frá, verður tekið fyrir á fundi um framtíð landsmóta, Þingforseti ber undir atkvæði. Samþykkt með 2 á móti.

- ***Tillögunni vísað frá.***

Pingskjal 41

Ingi skýrir tillöguna, nefndinni finnst þetta ekki tillaga heldur gagnrýni, vísað frá. Þingforseti ber undir atkvæði. Samþykkt með meirihluta atkvæða.

- ***Tillögunni vísað frá.***

Pingskjal 42

Ingi skýrir tillöguna, nefndin felldi, því á sínum tíma lagði hið opinbera til peninga í málefnið, telja ekki að ríkið muni endurtaka það.

Umræður: Þingforseti gefur orðið laust. **Sigfús Helgason** er sammála tillögunni, verður ekki sótt meira fé til ríkisins, vill að þingið ýti á sveitarfélögin að koma að þessum málum eins og öðrum íþróttamannvirkjum. Þingforseti ber undir atkvæði. Samþykkt með meirihluta atkvæða.

- ***Tillagan felld.***

Pingskjal 45

Ingi skýrir tillöguna sem lýtur að dagskrá þingsins, nefndin vísar frá.

Umræður: Þingforseti gefur orðið laust. **Sigfús Helgason**, vorum framsýnir, lögðum fram tillöguna og höfum náð okkar markmiði með því. Þingforseti ber undir atkvæði. Samþykkt samhljóða.

- ***Tillögunni vísað frá.***



Pingskjal 48

Ingi skýrir tillöguna, tengist annarri og vísun frá.

Umræður: Þingforseti býður orðið laust. **Kristinn Hugason**, mótmælir að fyrir frávísun megi fólk tjá sig fyrir atkvæðagreiðsluna en Kristinn fær orðið þar sem ekki er um eiginlega frávísunartillögu að ræða. Þessi tillaga gengur lengra en fyrri tillaga, hefðum því átt að fjalla um hana með hinni. Sprettur hefði viljað ganga lengra og sameina, ss heildarsameiningu svipað og í Noregi sem er hið eina rétta. **Ingi** segir þetta hluta af þessu máli. Þingforseti ber undir atkvæði. Samþykkt með meirihluta atkvæða.

- ***Tillögunni vísað frá.***

Pingskjal 50

Ingi skýrir tillöguna sem var tekin fyrir í keppnis og kynbótanefnd líka, er hluti af tillögunni um að endurskoða Landsmótin og teljum að þetta verði tekið fyrir þar, vísað frá.

Umræður: Þingforseti gefur orðið laust, Birkir vill vita mun á að vísa frá og fella*. Nefndin hefur vísað frá er að spá í framhaldið, Þingforseti ber undir atkvæði. Samþykkt samhljóða.

*Skýring: Fellt = ekki frekar skoðað / Vísað frá = er í öðrum tillögum eða umfjöllun.

- ***Tillögunni vísað frá.***

Pingskjal 53

Ingi skýrir tillöguna, felldu í nefndinni þar sem stjórnin eigi að sjá um þessi samskipti og ekki þurfi að fjölga. Þingforseti beru undir atkvæði, samþykkt með meirihluta.

- ***Tillagan felld.***

Pingskjal 55

Ingi les upp tillöguna, en það var samþykkt í gær að taka hana til umfjöllunar. Mikil umræða í nefndinni, eina tillagan sem ekki voru flestir sammála, var gerð breytingartillaga þar sem mótsögn var í fyrri tillögunni (ljúka umræðum/halda mótið 2016). Ræðir um atkvæðagreiðsluna, um 40 voru í nefndinni, ekki skráð hverjir voru í henni og taldi ekki atkvæðin en hugsanlega bættust einhverjir við á leiðinni. Samþykkjum með breytingunni um að ganga til samninga. Þingforseti fær orðið, það stendur í þingsköpunum að hver þingfulltrúi má bara greiða atkvæði í einni nefnd, gefur orðið laust.

Umræður:

Sveinbjörn Sveinbjörnsson, margar tillögur eru í gangi en þessi komin með skringilegum hætti inn og þarf því að ræða. Óttast að tillagan hafi afleiðingar, reyndi aðra tillögu sem ekki fékkst samþykkt en var mildari. Það er mín tillaga, af því hve mikilvæg hún er, að atkvæðagreiðslan verði leynileg, þ.e. skrifleg. Reglur LH um staðarvalið eru þær að stjórn LH á að velja stað fyrir Landsmót ekki Landsþingin. Nú liggur tillaga Skagfirðinga fyrir um að stjórn LH taki aftur upp samning um mót á Vindheimamelum og klári þá samninga, þeir sem vilja í Skagafjörðin, þeir samþykkja tillöguna. Vona að ákvörðunin verði til góðs og ekki til klofnings í röðum hestamanna, hef unnið talsvert að LM frá því ehf kom inn og hef barist fyrir því, en er smeykur um að gulleggið sem LM er sé að verða myllusteinn um háls okkar.



Guðmundur Birkir, tillagan var rædd í gær, ágætar umræður þarf ekki að hafa áhyggjur af því að ekki hafi verið þeir sem áttu að vera í þeirri nefnd og í góðu lagi. Get samþykkt að hafa skriflega atkvæðagreiðslu, lýðræðislegt. Vill segja að ég er ekki sammála um að hún snúist um hvort LM verður í Skagafirði eða í Spretti hjá Sveinbirni 2016, tillagan er víðtækari og er um að þingið er að setja ofnaí við stjórn LH. Þingið vill að ímynd félagsstarfsins sé góð og þurfum því að setja ofaní við þau vegna vinnubragðanna.

Sigfús Helgason fær orðið, vill fyrst biðja um tölvumanninn að færa tillöguna ofar. Tökum ekki þátt í darraðardansi um staðarvalið, það er búið. Rétt hjá Sveinbirni að málið hafi farið til þingsins, það vísaði málinu til stjórnarinnar. Sat í stjórn LH í 14 ár og tók ákvarðanir um landsmótsstað nokkrum sinnum, var ömurlegt. Var gengið svo langt þegar ákvörðun um að LM 2012 yrði í Reykjavík var tekin, að ég var ásakaður um mútur því ég valdi Reykjavík fram yfir Gaddstaðaflatar. Orðrómur barst um að stjórnarmaður úr Eyjafirði hefði þegið mútur af Fákí en Fákur er ekki búinn að borga mér enn. Léttir kemur ekki nálægt þessu.

Jónína Stefánsdóttir, vill leiðrétta að tillagan kemur því ekki var hægt að koma tillögunni inn, því við vissum ekki um niðurstöðuna fyrr en of seint var að senda inn tillögu, þess vegna er hún svona. Viljum lýðræði og kalla fram að vinnubrögðin séu í lagi og teljum að LH eigi ekki að hafa svona vinnubrögð hvernig sem tillagan fer.

Kristinn Guðnason, þarf ekki að ræða þetta mikið. Finnst Sveinbjörn skauta yfir málið, snýst ekki um hvar LM verður haldið heldur að ákveðið var að fara í þessar vöræður við Gullhyl og þurfum að klára þær og ef takast ekki samningar er farið annað. Sveinbjörn vill koma því að að við séum að slást um LM stað. Erum ekki að slást um staðinn heldur að við förum eftir reglum og þingsköpum. Stjórnin gerði mistök og á að klára viðræðurnar sem búið var að ákveða og lofa. Erum ánægð með stjórnina utan þess að standa ekki við þessar samningaviðræður. Þurfum ekki leynilega kosningu til að standa heiðarlega að þessu máli. Af hverju eru þessi átök um LM stað? Fer yfir eldri átök um staðarval á LM og þóf því tengdu. Stjórnin á að klára viðræðurnar.

Pétur Grétarsson, stutturður vill að komi skýrt fram að Skagfirðingar geta tekið undir það að málið fari í skriflega atkvæðagreiðslu.

Stefán Ármannsson, er í framboði á eftir, verð ekki vinsæll en rifja upp að í gær fékk tillagan brautargengi og formaður allsherjarnefndar vill vísa tillögunni frá.

Þingforseti fær orðið, Stefán kom með frávísunartillögu og samkvæmt þingsköpum getur hann það og getum við því greitt atkvæði um frávísunarkröfuna. Þingforseti ber undir atkvæði. Fellt með 81/59.

- **Frávísunartillaga felld.**

Umræður frh:

Sigurður Halldórsson stjórnarmaður í Spretti, búið að fjalla um málið allt nema hvort ákvörðunin hafi verið rétt eða röng. Finnst búið að setja á þingið að taka ákvörðun um landsmótsstað og leggur til að fjallað verði um landsmótsstaði í boði.

Bjarki Þorvaldur Sigurbjartsson frá Freyfaxa er sama hvar LM er, fengum góða tölu áðan um samstöðu sem er þörf á. Ef við vísam tillögunni frá sköpum við slæmt umtal um



hestamenskuna, hvet stjórnina til að gera sömu kröfu til Skagfirðinga og Sprettara. Málið snýst um að búið var að hefja viðræður og þurfum að klára þær. Annars er hætt á sundrung í okkar röðum, vill að stjórnin leiðrétti þessi mistök að klára ekki viðræðurnar.

Formaður allshnefndar, ekki verið að fjalla um LM stað heldur að klára viðræður sem voru hafnar við Skagfirðinga. Nefndin hefur lokið störfum þakkar nefndar mönnum samstarfið.

Pingforseti; borist hafa fleiri en 15 tillögur um skriflega atkvæðagreiðslu, setja já ef samþykkt en nei ef hafnað. Einungis tekið við atkvæði frá þingfulltrúum, aðrir dragi sig í hlé.

Guðrún Oddsdóttir óskar eftir því að tillagan verði lesin í heild sinni áður en atkvæðagreiðsla fer fram því margir sjá ekki vel á skjáinn.

Nefndarformaður les B lið. Pingforseti tilkynnir hlé til að halda atkvæðagreiðsluna.

Pingforseti kynnir niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar, já sögðu 84, nei sögðu 67, einn auður seðill.

- ***Tillagan samþykkt***

Pingforseti tilkynnir 10 mínútna hlé á þingfundi, eftir hlé gefur þingforseti Haraldi formanni LH orðið.

Haraldur Þórarinsson, nú liggur fyrir að þingið hefur samþykkt tillögu um að væna stjórnina um óheiðarleika, menn koma í pontu og vilja að við gerum kröfur á Skagfirðinga sem þeir geta ekki staðið undir, það kalla menn heiðarleika.

Stjórnin vildi taka ákvörðun fyrir þingið og treysta þinginu fyrir málefnalegri umræðu, það væri heiðarlega að mati stjórnar. Menn hafa margsinnis héðan úr ræðupúlti haldið því fram að stjórnin hafi brotið lög og reglur, hef fengið hæstaréttarlögmann til að fara yfir málið, höfum engar reglur eða lög brotið. Samt kemur bréf frá sveitarstjóranum í Skagafirði á bréfsefni sveitarfélagsins, uppfyllt af röngum ásökunum og að við stjórn LH séum að brjóta lög. Finnst þessi vinnubrögð fyrir neðan allar hellur svo ekki sé meira sagt, að þeir hafi ekki látið lögmenn skoða þetta þar sem þeir ættu að hafa aðgang að þeim. Spyr hvaða lög hefur stjórn LH brotið? Finnst privat og persónulega að okkar tilgangur, stjórnar LH, hafi verið að vera heiðarleg. Hef oft reynt að ná í Ástu en gekk illa, hringdi í Jónínu og Agnar til að upplýsa þau og bauðst til að funda um málið, við vorum búin að leggja fram kröfur og samningsdrög. Menn geta lesið fundargerðir til staðfestingar en kjósa oft að taka það sem hentar út og snúa sannleikanum sér í hag, en gleyma því sem er til grundvallar. Þeir virðast hafa lesið fundargerðina okkar þegar við úthlutuðum mótinu. Samkvæmt henni vantar t.d. enn frá þeim gögn um að félagið sé fjárhagslega sjálfstætt, að félagið verði rekstrarhæft eftir mótið og þeir hafa ekki skilað inn rekstraráætlunum um hvernig á að byggja svæðið upp fyrir þær kröfur sem eru gerðar í dag.



Var hissa á vini mínum Kristni í Skarði þegar hann kemur upp og talar um málið, hann var mjög vanstilltur ásamt Skagfirðingum og fleirum þegar við tókum ákvörðun 2010 um að halda LM 2012 í Reykjavík. Þá brutum við líka öll lög og gerðum allt óheiðarlega að hans mati og fleiri þá, ef þið rifjið aðeins upp þá umræðu sem varð í framhaldi af þeirri ákvarðanartöku. Sagðist hafa sagt í gærkvöldi við Guðrúnu hjá Eiðföxa að Skagfirðingar og Rangárbakkamenn hafi tekið LM í gíslíngu, miða við hve oft mótið hefur verið haldið þar frá byrjun. Frá því Landsmót ehf tók til starfa hefur það haldið sjö mót, þrjú á Vindheimamelum, þrjú á Rangárbökkum og eitt í Reykjavík. Samt æpir þetta fólk ef á að fara með mótið annað en til þeirra.

Eina sem til er um hvernig á að velja mótinu stað er frá landsþingi á Akureyri 1974, eftir fyrsta mótið á Vindheimamelum og þar er hvatt til að dreifa þeim um landið. Teljið þið heiðarlegt að við setjum fram sambærilegar kröfur á Skagfirðinga varðandi Vindheimamela og Sprettur eða Fákur geta boðið upp á? Við vitum að þau geta það ekki. (Framícall: jú jú) Jæja Jónína, þið sýnið þá fram á sömu uppbyggingu og í Spretti.

Ég hef ákveðið að segja af mér, tel það rétt og heiðarlegt gagnvart ykkur og sjálfum mér. Læt ekki bjóða mér að ég sé kallaður óheilindamaður og brjóti lög út og suður. Þarf ekki á því að halda að vera formaður LH svo það sé á hreinu og óska ykkur góðs gengis. Hægt er að gera þinghlé til að óska eftir framboðum og kjósa í framhaldinu nýjan formann, þakkar fyrir.

Þingforseti **Kjartan Ólafsson**, ég vil biðja Guðmund Hagalínsson og hans nefndarfólk í kjörnefndinni að koma á fund með okkur forsetum hérna í Norðursalnum og við gerum smá hlé á þingfundi á meðan.

Kjartan Ólafsson, góðir þingfulltrúar, mér datt í hug að þegar ég kom hérna upp eftir matinn, lítið félag sem einn af forsvarsaðilum Landsambands hestamannafélaga stofnaði, það var Gunnar Bjarnason. Hann bjó til lítið félag sem sagði „skynsemin ræður“ og ég er að vona það að þið munið hvað það var. Þá var það að kaupa sér Trabantbíla frá Austur-Þýskalandi. Þeir voru úr plasti og eyddu litlu og svo framvegis. Það sjást ennþá einn og einn trabantbíll. Ég er aðeins að nefna þetta, því Gunnar var mikil hugmaður og hafði áhrif á þessa samkomu okkar allra, og hestamennskuna, bæði héraendis og erlendis. Svo er ég aðeins að reyna að fá loft í lungun á okkur öllum eftir það sem hér hefur gerst.

En niðurstaðan, ég tók þá ákvörðun að eiga hér fund inni með varaforseta og kjörnefndinni, sem eru 3 afbragðseinstaklingar. Og svo kölluðum við inn alla formenn hestamannafélaganna til að fara yfir stöðu mála sem er mjög sérstök. Og síðan átti ég fund með kjörnefndinni og þeim sem sitja í stjórn LH núna. Og niðurstaðan er í raun þessi, við ætlum að fresta þessu þingi til 8. nóvember sem er laugardagur. Það er sami dagur og uppskeruhátíð hestamanna. Halda þá framhaldsþing kl. 9 þann dag. Kjörnefndin ætlar að sjá um það að undirbúa kosningu og annað sem þarf að undirbúa varðandi þetta framhaldsþing, og ég kann þeim miklar þakkar fyrir að taka það verkefni að sér.

Það er ljóst jafnframt að aðrir sem sitja í stjórn LH núna, aðrir en Haraldur, þeir vilja og munu segja af sér og ekki gefa kost á sér í stjórn LH. Eftir fund með þessu ágæta fólki hefur komið í ljós að þau styðja Harald fullkomlega í þeim verkum sem hann hefur verið að vinna. Þá hafa



Þau ljáð máls af því að taka að sér að stjórna skrifstofu LH og samtökunum fram að hádegi 8. nóvember. Þannig að við megum með engum hætti skilja samtökin eftir stjórnlaus.

En kjörnefndin mun annast undirbúning að þinginu sem slíku. Það eru tveir aðilar sem fá að tjá sig hér í rauninni, það er Guðmundur Hagalínsson sem er formaður kjörnefndar, hann ætlar aðeins að fara yfir með ykkur hvernig staðið verður að undirbúningi, það er mjög nauðsynlegt að það komi fram hér. Og svo tekur til máls Hjörtur Bergstað formaður Fáks og hann ætlar að skýra betur frá þeim fundi sem við áttum með formönnum hestamannafélaganna og þeim verkum sem að sá hópur þarf að vinna fyrir samtökin fram að þessum fundi. Gjörðu svo vel Guðmundur.

Guðmundur Hagalínsson tekur til máls. Miðað við þær aðstæður sem nú eru uppi, þá hefur kjörnefnd samþykkt að halda áfram störfum fram að framhaldsþinginu sem hefur verið boðað 8. nóvember. Nú það er ljóst að við þurfum að auglýsa eftir framboðum til formanns sambandsins, aðilum í aðalstjórn og jafnframt varastjórn. Við lítum svo á að það sé framhald af þessu þingi, þetta er frestur á þinginu sem væntanlega verður núna samþykkt. Þannig að á næstu dögum munum við senda öllum formönnum félagana og á netmiðlum eftir framboðum til þessara embætta, formanns, aðalstjórnar og varastjórnar. Og við munum óska eftir því að þeir sem hafa gefið kost á sér að þessu sinni munu endurnýja og staðfesta sín framboð ef að þau eru áfram til staðar. En við munum vonandi fá góða kandidata til að taka að sér stjórn samtakanna og það verður auglýst eftir því. Þannig að þið munuð heyra frá okkur á næstu dögum. Takk fyrir.

Þingforseti **Kjartan Ólafsson** tekur aftur til máls. Við þökkum Guðmundi kærlega fyrir, ég vil bara áréttta, ég veit ekki hvort það var einhver misskilningur en semsagt núverandi stjórn, það ágæta fólk hefur tekið að sér að sjá um rekstur félagsins eða samtakanna fram að, og til og með þessu framhaldsþingi 8. nóvember er lokið. Hjörtur gjörðu svo vel.

Hjörtur Bergstað formaður Fáks tekur til máls. Þingforseti og góðir fundargestir, mér var falið að tala hérna fyrir hönd formanna hestamannafélaganna í Landssambandi hestamanna. En við áttum fund með kjörnefnd og fulltrúum úr stjórninni. Það var borin sú tillaga að styðja við stjórn til að sitja fram að þessum framhaldsfundi, það voru allir 100% sammála því að styðja stjórnina til að stíja fram að fundinum og ég vil að það komi fram að við ætlum að standa þétt við bakið á þeim. Ég held að það sé líka rétt hjá okkur að við þurfum að hittast oft, við þurfum að tala meira saman, ég ætla aðeins að misnota aðstöðu mína fyrst ég er komin hingað upp líka. Næstu skref hjá okkur formönnum er að við erum búin að boða fund næsta laugardag þar sem við ætlum að hittast til að fara yfir stöðu mála. Þeir sem komast ekki fá send gögnin og við ætlum að reyna að gera betur. Ég vil líka nota tækifærið og þakka Haraldi fyrir vel unnin störf í gegnum tíðina og ég vill líka þakka fráfarandi stjórn fyrir það sem þau hafa lagt af hendi. Mér finnst það mjög sorglegt að þessi mikla reynsla sé að hverfa á braut og ég ætla að óska þess að þetta fólk endurskoði hug sinn. Ég veit að fólk er í miklum tilfinningarússibana í augnablikinu en vonast samt til þess að það endurskoði hug sinn. En



enn og aftur, við formennirnir styðjum þessa ákvörðun 100%, þannig að það sé alveg á tæru, það eru allir sem standa á bakvið þetta. Takk.

Kjartan Ólafsson þingforseti tekur aftur til máls. Ágætu þingfulltrúar, þá vill ég bara minna á samkomuna sem verður hérna í kvöld, húsið opnar klukkan 19 með fordrykk hérna á svölunum, minna á gripina sem ég var að kynna áðan. Borðhaldið hefst klukkan 20 og það eru dúndurskemmtikraftar sem verða hjá okkur í kvöld. Og að þessu sögðu þá segi ég þinginu frestað.

Þingi frestað fram til 8. nóvember 2015.